

SHAUÐÖR
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Allt
Fjármál
Gólfefni



Leiðbeiningar um
mataræði á netinu

Mataradagbok.is er ný vefsíða sem
Garðar Sigvaldsson einkabjálfi
hefur hleypt af stokkunum.

Allt 3



FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

27. september 2011
225. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt reitnefndinni Cancer Cent. Gallup apríl - júní 2011

Næstu vikur ráða úrslitum

Óvissutímabil er framundan í alþjóðlegu efnahagslífi. Fram kom á aðalfundi AGS að brugðið geti til beggja vona og að plan B sé á teikniborðinu fari illa, segir Steingrímur J. Sigfússon. Staða Íslands þykir orðin góð.

EFNAHAGSMÁL Þjóðverjar gerðu í gær lítið úr fregnum þess efnis að samþykkt hefði verið á fundi í Washington um helgina að fjórfalda björgunarsjóð evruríkjanna sautján. Hlutabréfaverð hafði hækkað í allan gærdag vegna fréttu þess efnis.

Áfram ríkir því mikil óvissa um efnahagsástandið. Meðal þeirra aðgerða sem rætt var um í gær var að helmingur skulda Grikkja yrði afskrifaður. Vonast er til að ákvörðun verði tekin innan fimm til sex vikna. Meðal embættismanna Evrópusambandsins er þó lögð áhersla á að samkomulag frá því í júlí, sem kveður á um 20 prósentu afskriftir, verði samþykkt í þjóðþingum ríkjanna.

Ástandið nú og árið 2008 er mjög áþekkt, að sögn yfirmanns

Undirbúa plan A og plan B



STEINGRÍMUR J.
SIGFÚSSON

Steingrímur segir að fram hafi komið í pallborðs-umræðum á fundi AGS að vissara væri að undirbúa bæði plan A og plan B, því brugðið gæti til beggja vona í alþjóðlegu efnahagslífi. Meðal þátttakenda í umræðunum voru hagfræðingurinn George Soros og bankastjóri kínverska fjárfestingabankans.

„Allir vildu nú meina að best væri að vinna sig út úr vandanum og evrusvæðið þyrfti að ná vopnum sínum. Það væri hins vegar hyggilegt að horfast í augu við það að endurskipuleggja þyrfti skuldir hjá skuldugustu ríkjum. Það væri ekki hægt að fela það lengur að þess væri þörf.“

hjá greiningardeild MF Global. Munurinn sé, að nú séu ríki í hættu en ekki fyrirtæki. Næstu dagar og vikur ráði úrslitum.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðgjafi segir óvissu hafa grúft yfir framvindu alþjóðlegra efnahagsmála. Sjónir manna hafi

mest beinst að Evrópu og vandanum sem þar væri við að glíma. Ástandið væri hins vegar einnig tvísýnt í Bandaríkjunum.

„Menn höfðu áhyggjur af efnahag Bandaríkjanna, en ekki síst þráteflinu í stjórnárum hér. Þessi brjálæðislega þræta í sumar um skuldabakið skadaði Bandaríkin og alþjóðlegt efnahagskerfi heilmikið.“

Þrátt fyrir blikur á lofti segir Steingrímur of snemma að búast við annarri kreppu. Hættan sé, auk málefna Bandaríkjanna, að skuldavandi Grikkja smitist yfir á stærri hagkerfi í Evrópu. „Á hinn bóginn er afkoma atvinnufyrirtækja ágæt. Þó bankar og fjármálafyrirtækin séu í vandræðum og ríkissjóðir skuldugir gera mörg fyrirtæki upp með ágætis hagnaði.“

- kóp. - þeb



Togari í stað myndlistar
Eva Bjarnadóttir gerði hlé á námi sínu í myndlist og réði sig á norskan frystitogara.

fólk 34

Skjálfti skekur gestina

Sýning um jarðskjálftann sem reið yfir Suðurland í maí 2008 opnuð í dag.

tímamót 16




Handboltinn af stað

Fram lagði Íslandsmeistara FH í Kaplakrika í gær.

sport 30

veðrið í dag



VINDUR OG VÆTA Suðaustan 8-15 m/s og rigning en hægari vindur og þurrir framán af NA-til. Hiti 7-14 stig.

VEÐUR 4



DREAMLINER Fyrsta Boeing 787 Dreamliner-flugvélin var afhent við hátíðlega athöfn í Washington í gær. Framleiðslan var þremur árum á eftir áætlan, en vélin er tuttugu prósentum sparneytnari en aðrar vélar og er búin meiri þægindum.

NORDICPHOTOS/AFP

Afhending á tímamótavél: Dreamliner fer til Japans í dag

BANDARÍKIN, AP Fyrsta Boeing 787 Dreamliner-þotan var afhent japanska flugfélaginu All Nippon Airways í Washington í gær, þremur árum á eftir áætlan.

„Afhending vélarinnar markar tímamót í sögu Boeing,“ sagði Chris Gregoire, ríkisstjóri Washington, við athöfnina í gær.

Boeing 787 er að miklu leyti gerð úr koltrefjaefnum, léttu plasti, í stað áls og á að vera um fimmtungi sparneytnari en aðrar sambærilegar flugvélar. Gluggar á vélunum eru stærri og þrýstingur líkari því sem gerist á jörðu niðri. Þá eiga vélarinnar að vera hljóðlátari en aðrar vélar.

Flugfélög hafa þegar pantað yfir átta hundruð vélar frá Boeing. Fyrstu vélinni verður flogið til Japans í dag.

- þeb

Ríkisstjórnin styður formlega aðild Palestínu að Sameinuðu þjóðunum:

Ákvörðun í höndum Alþingis

UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðgjafi lýsti því yfir á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gærdag að íslensk stjórnvöld styddu umsókn Palestínnumanna um aðild að SP. Þau hygðust leggja fram þingsályktunartillögu í næstu viku um viðurkenningu á sjálfstæði Palestínu.

„Ríkisstjórnin er harðákveðin í því að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki. Ég hef rætt það í ríkisstjórninni og gerði utanríkisráðgjafur grein fyrir áformum mínum,“ segir Össur.

„Frá nefndinni komu fram skýrar óskir um að þetta yrði rætt á þinginu og besta leiðin til þess er að leggja fram þingsályktunartillögu til þess að þingið geti rök-
rætt hana málefnalega og komist að niðurstöðu.“

Utánríkisráðgjafi sagði í ávarpi sínu að viðurkenning á sjálfstæði Palestínu væri í anda sátta í Mið-Austurlöndum, það væri raunar heimskulegt að neita Palestínnumönnum um sjálfstæði á sama tíma og krafan um lýðræðisumbætur færi um arabaheiminn. Ráðgjafi er bjartsýnn á að þingið muni samþykka tillöguna.

„Það liggur ljóst fyrir að það er meirihluti í þinginu fyrir þessu. Innan stjórnarandstöðunnar er líka stuðningur við þetta, þó ég geti ekki gefið mér það að allir munu styðja þetta. Það á eftir að koma í ljós.“



UTANRÍKISRÁÐGJAFI Össur Skarphéðinsson talaði á allsherjarþingi SP í gær.

NORDICPHOTOS/AFP



Má bjóða þér
léttan kaffisopa?

Við opnum þér nýjar dyr

Hurðir og hurðahúnar.
Góð verð!

ALTAK
DÖÐR & FRAMES

Fossaleyni 8/Sími: 577 4100/www.altak.is



Rúnar, er KR sem sagt fimm stjórnun félags?

„Já, og stjarna þess er rísandi.“

Rúnar Kristinsson er þjálfari karlaíðs KR í knattspyrnu. KR-ingar fagna nú 25. Íslandsmeistararitil félagsins og munu fimm stjórnur framvegis prýða búnging þess, ein fyrir hverja fimm titla.

Gistinóttum fjölgar í Köben: Fleiri frá Íslandi gista í Köben

FERÐAMÁL Gistinóttum Íslendinga í Kaupmannahöfn hefur fjölgað um næri þriðjung á fyrri helmingi ársins. Þetta kemur fram á vef Túrasta, sem vitnar í Dönsku tölfraeðistofnunina.

Velta gististaðanna í Kaupmannahöfn jókst um tæpan fjórðung. Í frétt Túrasta kemur fram að þessar auknu vinsældir Kaupmannahafnar hafi haft þau áhrif að hótellingurinn í borginni er nú dýrari en í Ósló og Stokkhólmi, sem hafa hingað til verið dýrastar.



REYKJANESBÆR Börn í Reykjanesbæ standa sig betur í lestrarþrófum en reykjísk börn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lesskimun í Reykjanesbæ: Hærri einkunn en í Reykjavík

REYKJANESBÆR Skimunarpróf á lestri átta ára barna í grunnskólum Reykjanesbæjar skiluðu betri niðurstöðum en í Reykjavík.

Í vor var meðalárangur barna í Reykjanesbæ á lesskimunarprófinu Læsi tæp 73,58 prósent. Talið er að börn sem ná 65 prósentu árangri geti lesið sér til gagns. Þetta er besti árangur sem náðst hefur frá upphafi mælinga á prófinu hjá börnum í Reykjanesbæ. Meðalárangur skóla í Reykjavík var á sama tíma 73,40 prósent sem er besti árangur sem náðst hefur í Reykjavík.

Hverfisráð Miðborgar vill leyfa hunda á Laugavegi og nefnir staði fyrir gerði: Afdrep fyrir hunda í Hallargarðinum?

DÝRAHALD Hverfisráð Miðborgar leggur til að bann við hundum í Ól á Laugavegi verði afnumið. Þetta kemur fram í svári ráðsins til umhverfis- og samgöngusviðs borgarinnar sem óskað hafði eftir tillögum um hugsanlega staðsetningu hundagerðis í miðbænum.

Varðandi hundagerðið samþykkti hverfisráðið að nefna sjö staði sem mögulega. Meðal þeirra eru Hallargarðurinn á Fríkirkjuvegi og syðsti hluti Hljómskálagarðsins.

Aðrir möguleikar sem ráðið nefnir er svæði austan bensín-

stöðvar Ólís við Skúlagötu, svæði milli Umferðarmiðstöðvar og tannlæknahúss, svæði austan Sæmundargötu og sunnan Hringbrautar, garð milli Þorfinnsgötu og Snorrabrautar og opið svæði sunnan Sundhallarinnar.

Áður hefur Hverfisráð Hliða neitað að fallast á hundagerði á Klambatrúni og Vesturbæingar felldu sig ekki við um hugmynd um gerði við Ægisíðu. Nú hafa hverfisráðin verið beðin að nefna hugsanleg svæði fyrir gerði. Afstaða þeirra flestra liggur ekki enn fyrir.



HUNDUR Á LAUGAVEGI Ef hugmyndir hverfisráðs Miðbæjar ganga eftir heyrir hundabann á Laugavegi brátt sögunni til og seppar mega fara þar um í bandi með eigendum sínum.

Uppreisnarmenn í Líbú:

Ráðist inn í Sirte frá austri

LÍBÍA Ráðist var inn í borgina Sirte í Líbú frá austri í fyrsta sinn í gær. Fylgismenn Gaddafis og uppreisnarmenn há þar harða bardaga.

Undanfarna daga hefur verið barist í kringum borgina, sem er önnur tveggja sem enn eru á valdi Gaddafis. Fréttaritari breska ríkisútvarpsins í Sirte sagði í gær óbreytta borgara streyma út úr borginni. Þeir sem eftir eru í borginni eru nú í mikilli hættu vegna þess að þeir eru mitt á milli stríðandi fylkinga.

Ríkisendurskoðandi samdi ljóð um Útey

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi orti ljóð eftir ódæðisverkin í Útey og Ósló. Ljóðið lét hann þýða yfir á norsku og sendi til norska ríkisendurskoðandans sem virðingavott. Atburðirnir höfðu mikil áhrif á mig, segir Sveinn.

FÓLK „Ég orti ljóðið í kjölfarið af þessum hræðilegu atburðum í Ósló og Útey. Það var grunnurinn,“ segir Sveinn Arason ríkisendurskoðandi. „Það er kannski ekkert öðruvísi með mig og marga aðra – þetta hafði mikil áhrif á mig.“ Sveinn lét þýða ljóðið yfir á norsku og sendi það til kollega síns í Ósló, norska ríkisendurskoðandans, Jørgen Kosmo, sem virðingavott.

Hann segir að hugsunin um framhaldið eftir voðaverkin hafi alltaf blundað í honum. Þegar hann horfði á minningarathöfnina frá Dómkirkjunni í Ósló tók hann eftir því að fulltrúar frá systurbjóðum Noregs voru viðstaddir og langaði að leggja sitt af mörkum.

„Maður fylgdist bara með fréttum af þessu, afleiðingunum og atburðinum sjálfum, eins mikið og mögulegt var héðan frá Íslandi,“ segir Sveinn. „Mig langaði til að leggja fram mitt innslag frá Íslandi og í framhaldi af því varð þetta til.“

Sveinn skýrir frá því að það hafi verið fyrirhugaður fundur í Noregi í lok ágúst þar sem hann átti að hitta Kosmo. „Mér fannst það ágætis tilefni að senda honum og starfsfólki norsku ríkisendurskoðunarinnar hans einhvers konar minningartexta. Þau voru mjög ánægð með þetta,“ útskýrir Sveinn og bætir við að hann yrki þó ekki mikið.

„Einhvern veginn kom þetta út úr mér,“ segir hann. „Ég skal ekkert segja um hvort ég haldi áfram að yrkja, stundum kemur eitthvað sem ég sé ástæðu til að deila innan fjölskyldunnar.“

sunna@frettabladid.is



ATBURÐIRNIR HÖFÐU MIKIL ÁHRIF Sveinn Arason ríkisendurskoðandi orti ljóð sem virðingavott til kollega sinna í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

77 blóm

Það er föstudagur.
Milt regn sumarsins fellur á stræti og engi.
lðandi mannlif borgarinnar er sem blómakur í golu.
Hugsunin um fjölskyldu, vini og fegurð náttúrunnar
kveikir gleði og eftirvæntingu í hverju andliti.
Unga fólkið safnast saman til að ræða vandamál dagsins,
Hugsjónir, framtíðina og ábyrgðina sem fylgir lífinu.
Þá er sem heimurinn myrkvist.
Gleðin hverfur sem dökk fyrir sólu.
Lamandi ótti.
Hvert blómið á fætur öðru er slitnið upp,
rífið úr umhverfi sínu og deytt, brotið og beygt.
Þau sem eftir standa drúpa höfði, halla krónu
syrgja og fella tár, biðja um styrk, traust og von.
Að morgni teygja þau krónu sína til himins,
móti sólu, fléttast saman, sameinast
í kærleika, von og trú á betri heim.

Sveinn Arason



Ný skýrsla Vinnueftirlitsins:

Prír létust í vinnuslysum

ATVINNA Þrjár starfsmenn létust við vinnu sína á síðasta ári, að því er fram kemur í ársskýrslu Vinnueftirlitsins. Alls eru skráð 1.174 vinnuslys sem voru tilkynnt til eftirlitsins árið 2010, 760 karlar og 414 konur. Dregið hefur úr fjöldi slysa um þrjú prósent frá fyrra ári og um 38 prósent frá því sem mest var 2007.

28 ára erlendur starfsmaður verktakafyrirtækis lést í janúar þegar hann féll af vinnupalli. Í júní slasaði 30 ára ofngæslumaður er hann varð fyrir gosi úr ofninum. Hann lést af sárum sínum tveimur dögum síðar. Í lok desember lést 35 ára ökumaður flutningabifreiðar í umferðarslysi.

Tveir teknir í Eyjum:

Dópsali með efni og fjámuni

LÖGREGLUMÁL Tvö fíkniefnamál komu upp í Vestmannaeyjum um og fyrir helgina. Síðdegis á laugardag var maður á fimmtugsaldri handtekinn og fundust um fjögur grömm af maríjúana við leit á honum. Maðurinn viðurkenndi að eiga efni.

Í kjölfarið var farið til hútleitar í íbúðarhúsi í bænum. Við leit lögreglu fundust um 30 til 40 grömm af maríjúana auk áhalda til neyslu fíkniefna. Einnig fundust peningar sem taldir eru vera tilkomnir vegna fíkniefnaviðskipta. Viðurkenndi húsráðandinn, maður á þrítugsaldri, að vera eigandi efna og að hafa ætlað að selja hluta þeirra.

LÖGREGLUMÁL

Brotist inn í tugi bíla

Brotist var inn í á annan tug bíla á höfuðborgarsvæðinu um helgina. GPS-tækjum, tölvum, öðrum raf-tækjum og greiðslukortum var meðal annars stolið.

Lögreglumenn koma saman til félagsfundar í dag og ræða kosti sína í stöðunni:

Betlistafur eini kostur lögreglu

KJARAMÁL „Það eina sem lögreglumenn geta gert er að ganga um með betlistaf og biðla til ríkisvaldsins að skoða okkar launakjör ofan í kjölinn, sjá hvað þarna er að leiðrétta það, en vilji ríkisvaldsins virðist ekki hafa verið mikill til þess undanfarið.“ Þetta segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, eftir úrskurd gerðardóms, þar sem kveðið er á um að laun lögreglumanna skuli hækka að sama marki og samningar á almennum vinnumarkaði, auk þrettán þúsund króna hækkunar á álagsgreiðslum.

Úrskurður gerðardóms er endanleg niðurstaða í málinu og gildir ný launatafla til vors 2014.

Mikil ólga er í lögreglumönnum um land allt eftir þennan úrskurd.

„Lögreglumenn hefðu þurft að fá 20 til 30 prósent launahækkun til viðbótar til að geta unað sáttir við sitt,“ segir Snorri. „Þessi úrskurður leiðréttir ekki þann launamun sem orðinn er hjá okkur annars vegar og hins vegar þeim viðmiðunarlögreglum sem við höfum horft til í gegnum tíðina og vitnað er til í þeim viðmiðunarsamningi sem við fengum þegar samningsrétturinn var afnuminn.“



LÖGREGLAN Lögreglumenn koma saman til fundar í dag.

Lögreglumenn koma saman á félagsfund í dag, þar sem lögfræðingar munu fara með þeim yfir kosti þeirra í stöðunni.

Holl mjólk
hraustir krakkar

Mjólk er góð!

Á alþjóðlega skólamljókurdegningu, 28. september, býður Mjólkursamsalan öllum 70.000 grunn- og leikskólabörnum landsins upp á mjólk í skólunum. Með degningu vill íslenskur mjólkurleiðgjafi velkja athygli barna, foreldra og starfsfólks skólanna á mikilvægi mjólkur í fæði barnanna.



5x **1** milljón

Drögum í dag
27. september
Miðasala opin til kl. 16.00

MILLJÓNA VELTAN

Nú er vinningurinn **60 milljónir** á einn miða!
Í hverri **Milljónaveltu** drögum við að auki út **5 stakar milljónir** aðeins úr seldum miðum. **Vertu með!**

Vinningurinn í Milljónavelturni **hefur aldrei verið hærrí.**
Nú hlýtur að vera komið að þér!

EINN MIÐI TVEIR LEIKIR

í mánuði, fyrir aðeins 1.100 krónur

Aðalútdráttur hefur aldrei verið glæsilegri!

Vinningshafar eru um 3.000 í hverjum mánuði.



Drögum **11.** október

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11 eða hjá næsta umboðsmanni.

GENGIÐ 26.09.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	118,04 118,60
Sterlingspund	182,88 183,76
Evra	158,88 159,76
Dönsk króna	21,344 21,468
Norsk króna	20,257 20,377
Sænsk króna	17,198 17,298
Japanskt jen	1,5443 1,5533

SDR 184,02 185,12

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,6272
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ályktun leikskólakennara:

Styðja lögreglu í kjarabaráttu

KJARAMÁL Félag leikskólakennara styður lögreglumenn í kjarabaráttu sinni. Haraldur Freyr Gíslason, formaður félagsins, sendi ályktun fyrir hönd stjórnarinnar í gær.

Þar segir að sú krafa lögreglumannanna um að geta framfleytt sér á grunnlaunum sínum sé eðlileg og er ríkið hvatt til að stíga skref í þá átt.



HARALDUR FREYR GÍSLASON

„Vandaðir einstaklingar verða að sjá fjárhagslegan hag að því að velja lögreglustarfærið sem ævistarf. Það er hagur okkar allra,“ segir í ályktuninni.

Lögreglan með eftirlit:

Einn skotveiðimaður kærður

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Hvalsvellu hefur haft eftirlit með skotveiðimönnum og var einn slíkur kærður í vikunni fyrir að vera ekki með tilskilin leyfi meðferðis og að vera með vopn sem ekki var skráð á hann.

Það er tiltölulega auðvelt að hafa þessi mál í lagi en ávallt skal skotvopnaleyfi vera meðferðis ásamt veiðikorti og þurfa þessi leyfi að vera í gildi, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. Einnig þarf að vera notkunarheimild fyrir skotvopni sem ekki er skráð á viðkomandi.

HALDIÐ TIL HAGA

Myndina af Guðrúnu Evu Mínervudóttur í Fréttablaðinu í gær tók Vera Pálsdóttir.

Nýttkomin skýrsla sem greinir þá 3.562 sem nutu aðstoðar Fjölskylduhjálparinnar á tólf mánaða tímabili:

Nær 2.500 börn nutu mataraðstoðar

SAMFÉLAGSMÁL Fjölskylduhjálpi Íslands hlutaði mataraðstoð til 3.562 einstaklinga og fjölskyldna þeirra á árs tímabili, frá 1. júní 2010 til 31. maí þessa árs. Alls voru 2.482 börn á framfæri þeirra. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu sem félagsvísindadeild Háskóla Íslands vann fyrir Fjölskylduhjálpinu og birt var í gær.

Þar segir einnig að í hópi þeirra sem fengu aðstoð var mikill meirihluti utan vinnumarkaðar, eða 93 prósent, og þriðjungur allra er örryrkjar.

Rúmur helmingur þeirra 3.562 sem fengu hjálp kom aðeins einu sinni eða tvisvar og fékk aðstoð, en átta prósent komu oftar en tuttugu sinnum.

Um sjötíu prósent þiggjendanna voru íslenskir ríkisborgarar, og um fimmtungur var frá Póllandi.

Fjölskylduhjálpin verðlaunaði í gær tíu fyrirtæki með sæmdartitlinum Fyrirtæki mannúðar 2010, fyrir stuðning við starfið og að hafa sýnt samhug sinn í verki.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti viðurkenningarnar en þær hlutu að þessu sinni fyrirtækin Sölufélag garðyrkjumanna, Útvarp Saga, Mjólkursamsalan, Grillvagninn, Myllan brauð, Ölgerðin, Síminn, Mark og merki, Perlan veitingahús og Björnsbakarí.



STUÐNINGUR Í VERKI Forsetinn afhenti fyrirtækjunum tíu viðurkenningar sem Fyrirtæki mannúðar 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Munu ekki stækka björgunarsjóðinn

Mikil bjartsýni ríkti á mörkuðum í gær eftir að út kvisaðist að til stæði að fjórfalda björgunarsjóð evruríkjanna. Fjármálaráðherra Pýskalands bar fréttirnar til baka í gær. Næstu dagar og vikur munu ráða úrslitum.

FJÁRMÁL Fjármálaráðherra Pýskalands bar í gær til baka fregnir um að til stæði að fjórfalda björgunarsjóð evrusvæðisins. Hlutabréf hækkuðu verulega í verði í gær vegna orðróms um stækkun sjóðsins.

Hlutabréfaverð fór hækkandi í gær og virðist því aukinnar bjartsýni hafa gætt á mörkuðum bæði í Evrópu og Bandaríkjunum eftir fundahöld ráðamanna og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington um helgina. Hlutabréf í þýskum og frönskum bönkum hækkuðu mest um tíu prósent.

Meðal aðgerða sem fjölmiðlar sögðu að væru til umræðu var að fé í björgunarsjóðnum sem komið var á fót vegna skuldakreppunnar yrði fjórfaldað, úr 440 milljörðum evra í tvö þúsund milljarða. Sjóðurinn yrði þá notaður til að tryggja hlut af tapi sem fjármálastofnanir verða fyrir ef ríki geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Hann myndi lána ríkisstjórnunum sem ekki geta fengið lán hjá bönkum, eins og þeirri ítölsku. Þá var einnig sagt að unnið væri að því að afskrifa allt að helming skulda gríska ríkisins. Sagt hefur verið að ríkisstjórnir í Evrópu vonist til þess að aðgerðir til að takast á við skuldavandann verði samþykktar á næstu fimm til sex vikum, að minnsta kosti áður en leiðtogar G20 ríkjanna hittast á fundi í byrjun nóvember.

Wolfgang Schäuble, fjármálaráðherra Pýskalands, sagði seinni partinn í gær að ekkert væri til í því að stækka ætti björgunarsjóðinn. Sjóðurinn fengi hins vegar þau verkfæri



WALL STREET Hlutabréfaverð hækkaði bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum í gær eftir að orðrómur um stækkun björgunarsjóðsins kvisaðist út. Þjóðverjar segja ekkert hæft í orðrómunum. NORDICPHOTOS/AFP

sem hann þyrfti og yrði notaður eins skynsamlega og hægt er.

„Næstu dagar og vikur munu ráða úrslitum, og þetta minnir mjög á ástandið árið 2008,“ sagði Edward Meir, yfirmaður í greiningardeild hjá verðbréfafyrirtækinu MF Global. „Aðalmunurinn í þetta skipti er að nú eru það ríki en ekki fyrirtæki sem eiga á hættu að verða gjaldþrota.“

Embættismenn innan Evrópu-sambandsins leggja áherslu á að þjóðþing í evruríkjunum samþykki þá aðgerðaáætlun sem leiðtogar þeirra gerðu í júlí síðastliðnum. Sú áætlun gerir ráð fyrir tuttugu prósentu afskriftum á skuldum Grikkja til bankastofnana. Kosið verður um aðgerðirnar í þýska þinginu á fimmtudag. thorunn@frettabladid.is



FANGELSI Flutningar Litháa voru um 20% af heildarkostnaði ríkisins við fangaflutninga erlendis síðastliðin tíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Fimmtungur til Litháens:

Fangar fluttir til 28 landa

EFNAHAGSMÁL Íslenska ríkið flutti erlenda fanga til 28 landa á síðustu tíu árum. Kostnaður við fangaflutninga til flestra þeirra er um það bil ein milljón króna eða minna. Þetta kom fram í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar á Alþingi fyrir helgi.

Flutningar til Litháens eru rúm 20 prósent af kostnaði ríkissjóðs við fangaflutninga til annarra landa síðastliðin tíu ár.

Heildarkostnaður ríkissjóðs við fangaflutninga til annarra landa síðastliðin tíu ár er tæpar 63 milljónir króna. Innanlands var kostnaðurinn tæpar 320 milljónir.

Lögregla leitar þjófa:

Stálu gasgrilli og nuddpotti

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi rannsakar tvö innbrot í samar-bústaði um liðna helgi. Annars vegar var stolið flatskjá, hljóm-flutningstækjum og áfengi úr bústaði í landi Miðfells við Þingvallavatn.

Einnig var brotist inn í hús í Svínahlíð og þaðan stolið gasgrilli og rafmagnsnuddpotti. Verðmæti þýfisins er metið á um 800 þúsund krónur. - sv

HOLLT FERSKT OG FRAMANDI Í MATINNI

SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4. KÖP
SAFFRANIS.


VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Alicante	27°
Basel	27°
Berlín	21°
Billund	16°
Frankfurt	24°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	26°
London	23°
Mallorca	25°
New York	24°
Orlando	31°
Ósló	15°
París	25°
San Francisco	26°
Stokkhólmur	15°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Betri notaðir bílar



TOYOTA

Gerðu örugg bílakaup

Komdu á Nýbýlaveg eða Klettháls og fáðu þér betri notaðan bíl fyrir veturinn.

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Auris Sol
1400 dísil 5 gíra MM
Á götuna: 06.08 Ekinn: 68.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Raðnr. 997436*

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Land Cruiser 120 GX
3000 dísil sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 118.000 km
Verð: 5.090.000 kr. Raðnr. 997507*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Verso
1600 bensín 6 gíra
Á götuna: 07.10 Ekinn: 10.000 km
Verð: 3.430.000 kr. Raðnr. 997465*

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota RAV4 GX
2000 bensín 5 gíra
Á götuna: 05.08 Ekinn: 66.000 km
Verð: 3.350.000 kr. Raðnr. 997538*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Yaris Terra
1000 bensín 5 gíra
Á götuna: 06.11 Ekinn: 9.000 km
Verð: 2.350.000 kr. Raðnr. 997546*

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Corolla S/D Sol MM
1600 bensín 5 gíra MM
Á götuna: 12.07 Ekinn: 55.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Raðnr. 996807*

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Prius Hybrid
1500 bensín/rafmagn
Á götuna: 06.07 Ekinn: 64.000 km
Verð: 2.750.000 kr. Raðnr. 997416*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Auris Sol MM
1600 bensín 5 gíra MM skipting
Á götuna: 08.09 Ekinn: 23.000 km
Verð: 3.490.000 kr. Raðnr. 996775*

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Land Cruiser 120 VX
4000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 110.000 km
Verð: 5.050.000 kr. Raðnr. 997539*

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Auris Sol MM
1400 dísil 5 gíra MM
Á götuna: 06.08 Ekinn: 64.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Raðnr. 997266*

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Corolla W/G
1600 bensín 5 gíra
Á götuna: 06.04 Ekinn: 103.000 km
Verð: 1.290.000 kr. Raðnr. 997536*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Prius Hybrid
1500 bensín/rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 09.09 Ekinn: 40.000 km
Verð: 3.550.000 kr. Raðnr. 997513*

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota RAV4 GX
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 02.08 Ekinn: 68.000 km
Verð: 3.430.000 kr. Raðnr. 997532*

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota RAV4 GX
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.07 Ekinn: 100.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Raðnr. 997514*

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Land Cruiser 120 VX
3000 dísil sjálfsk. aukasæti
Á götuna: 06.06 Ekinn: 114.000 km
Verð: 5.890.000 kr. Raðnr. 997464*

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



Toyota RAV4 GX
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 114.000 km
Verð: 2.290.000 kr. Raðnr. 997543*

Hvað er Úrvalsbíll?
Er í verksmiðjuábyrgð.
12 mánaða viðbótarábyrgð.

Hvað er Gæðabíll?
Er ekki í verksmiðjuábyrgð.
3 mánaða viðbótarábyrgð.

*Farðu á www.toyotakopavogi.is og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

BNB-sölugreining

Bílarinn ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhalds-sögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í floknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070

Notaðir bílar Kletthálsi
Kletthálsi 2
Sími: 570 5220

Afgreiðslutími: mán - fös 09.00 - 18.00, lau 12.00 - 16.00

info@toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota

KJÖRKASSINN



Er úrskurður gerðardóms um laun lögreglumanna réttlátur?

Já	14,8%
Nei	85,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Ætlar þú að taka slátur í haust?
Segðu þína skoðun á Vísir.is

Umboðsmaður Alþingis segir Íslandsstofu eiga að fylgja stjórnsýslulögum: Ranglega staðið að ráðningu forstjóra

STJÓRNSÝSLA Ranglega var staðið að ráðningu framkvæmdastjóra Íslandsstofu þegar stofnunin var sett á fót, segir í nýju áliti umboðsmanns Alþingis. Umsækjandi um stöðuna kvartaði til umboðsmanns Alþingis vegna málsmeðferðar við ráðningu í starfið. Í kvörtuninni kom fram að umsækjandinn hefði óskað eftir upplýsingum frá stjórn Íslandsstofu um umfjöllun og meðferð umsóknar hans, aðgangi að hæfnismati sem lá til grundvallar ákvörðun um að verða ekki við beiðni hans um viðtal vegna starfsúmsóknar-



TRYGGVI GUNNARSSON

innar og rökstúðningi fyrir ákvörðun um ráðningu í starfið í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga. Því hefði hins vegar verið hafnað með vísan til þess að Íslandsstofa hefði stöðu einkaréttarlegs aðila. Niðurstaða umboðsmanns Alþingis er að Íslandsstofa sé stjórnvald en ekki einkaaðili og

hefði því borið að fylgja stjórnsýslulögum, óskráðum reglum stjórnsýsluréttarins og ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, við ákvörðun um ráðningu í starf framkvæmdastjóra. Umboðsmaður beindi þess vegna þeim tilmælum til Íslandsstofu að taka beiðni umsækjandans til nýrrar meðferðar, kæmi fram beiðni þess efnis frá honum, og að haga framvegis störfum sínum í samræmi við reglur stjórnsýsluréttarins sem stjórnvöldum ber almennt að fara eftir.

Meint fíkniefni rannsökuð: Með litla sveppi í plastpokanum

LÖGREGLUMÁL Lögreglunni á Selfossi var nýverið tilkynnt um tvo unga karlmenn sem voru að tina sveppi við íbróttasvæðið við Engjaveg á Selfossi. Á öðrum manninum fannst plastpoki með litlum sveppum. Sveppirnir voru teknir og sendir í rannsókn. Þegar niðurstaða úr þeirri rannsókn liggur fyrir verður tekin afstaða til framhalds málsins. Þá fundu lögreglumenn lítills háttar af fíkniefni í húsleit á Selfossi. Húsráðandi viðurkenndi að eiga efnið.



SKRÍMSLASETUR Safnið naut mikilla vinsælda í sumar.

Vinsæl skrímsli fyrir vestan: **Góð aðsókn í Skrímslasetrið**

VESTFIRDIR Rúmlega fimm þúsund gestir heimsóttu Skrímslasetrið á Bíldudal í sumar en þetta var þriðja starfsár safnsins. Um 2.500 manns greiddu sig inn í safnið en áætla má að gestir hafi verið helmingi fleiri því börn 11 ára og yngri fá frítt inn. Búið er að loka Skrímslasetrinu þetta sumarið en hægt er að hafa samband við forsvarmenn þess til að leigja eða skoða safnið.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Hross lenti utan í bíl
Hross sem slapp úr girðingu og komst inn á Votmúlaveg lenti þar utan í bifreið. Tjón varð á bifreiðinni, hliðarspegill og rúða brotnuðu. Ekki tókst að ná hrossinu til að kanna hvort það hafði meiðst.

Tveir grunaðir um ölvun
Bílvelta varð um helgina við Laugar í Reykjadal. Ökumaðurinn, sem er talinn hafa verið ölvaður og var réttindalaus, slapp við meiðsl.


Veltu bíl á Kjalvegi
Á Kjalvegi veltu erlendir ferðamenn bíl sínum um líðna helgi. Farþegar sluppu ómeiddir.

Ölvaður ók valtara
Valtari og bíll lentu í árekstri á Gaddstaðafllötum á Helli á sunnudag. Grunur leikur á að ökumaður valtarans hafi verið ölvaður. Ökumaðurinn bílsins slasaðist lítills háttar og var fluttur á slysadeild. Billinn er mikið skemmdur.

Ljósleiðari og raflína lögð að Veiðivötnum

Leggja á ljósleiðara og rafstreng 22 kílómetra leið frá Vatnsfelli í Snjóöldu með viðkomu í Veiðivötnum. Hætta með olíurafstöðvar og gashitun í veiðihúsum. Öll fjarskipti verða tryggari. Framkvæmdaleyfi er háð áliti Umhverfistofnunar.

ÖRYGGISMÁL Lagning rafmagnslínu og ljósleiðara upp í Veiðivötn og Snjóöldu á að störbæta öryggi manna á svæðinu. Um er að ræða samvinnuverkefni Neyðarlínunnar og Veiði- og fiskiræktarfélag Landmannaafrettar. Rafmagnsstrengurinn og ljósleiðarinn verða lagðir saman um 22 kílómetra leið frá fjarskiptastöðinni í Vatnsfelli um Veiðivötn í Snjóöldu þar sem Neyðarlínan er með fjarskiptasendi. Best sé að ná að ljúka verkinu áður en vetur gengur í garð.



LÍNAN Í VEIÐIVÖTN Veiði- og fiskiræktarfélag Landmannaafrettar ásamt Neyðarlínunni vilja bæta öryggi á svæðinu í kring um Veiðivötn með lagningu rafmagns og ljósleiðara á svæðið. Kortið sýnir fyrirhugað línustæði frá Vatnsfelli að Snjóöldu.

„Það hafa orðið alvarleg slys í Veiðivötnum sem gera að verkum að við teljum þetta forgangsmál. Þetta er líka talsvert öryggismál fyrir okkur að leggja rafmagn,“ segir Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar og vísar til þess að fjarskiptasendar á svæðinu taki orku úr ljósavélum. Þær geti bilað auk þess sem af þeim stafi bæði loft- og hljóðmengun. Hreppsráð Rangárþings ytra kveðst fagna framtakinu og samþykkir verkefnið fyrir sitt leyti. Byggingarfulltrúi sveitarfélagsins bíður hins vegar umsagnar Umhverfistofnunar áður en hann gefur út framkvæmdaleyfi. Ætlunin er að grafa ekki fyrir línunum heldur plægja þær niður. Þórhallur segir leiðina að mestu liggja um eyðisanda og vegslóðum fylgt að hluta. „Það er ekkert rask af þessu,“ segir hann. Guðfinna Þorvaldsdóttir, oddviti Rangárþings ytra, segir mikilvægt að losna við þá hættu sem skapast af því að menn noti aðra hita- og ljósgjafa en rafmagn í veiðihúsum á svæðinu. Þá muni tryggara fjarskiptasamband bæta mjög öryggi allra á svæðinu og nýttast ekki síst við björgunarsörf. „Þetta getur ekki verið annað en öllum til góða,“ segir Guðfinna.

Pað hafa orðið alvarleg slys í Veiðivötnum sem gera að verkum að við teljum þetta forgangsmál.


ÞÓRHALLUR ÓLAFSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI NEYÐARLÍNUNNAR

Kjartan Magnússon, formaður Veiði- og fiskiræktarfélag Landmannaafrettar, segir línurnar vera algera byltingu. Á vegum félagsins séu á bilinu fimmtán til tuttugu hús á svæðinu. Í sumum er raf-

magn frá olíurafstöðvum. Önnur eru kynt með gasi. „Það eru gríðarlegir hagsmunir að losna við gasið úr húsunum. Það hefur valdið okkur áhyggjum og tjóni,“ segir hann. Að sögn Kjartans er ekki gefið upp að sinni hver áætlaður kostnaður sé. Ljóst sé þó að framkvæmdin borgi sig til lengri tíma. Meðal annars verði nú unnt að hafa hita á húsakostinum yfir veturinn. „Það á að gera endingartíma húsanna margfalt lengri,“ segir formaður veiðifélagsins.

Hvers konar menntun í skólum stuðlar að sjálfbærnu samfélagi?

Örnámskeið fyrir foreldra Miðvikudaginn 28. september kl. 20–22 Menntavísindasviði við Stakkahlíð, stofa H-207 (Gengið inn Háteigsvegmegin)



Auður Pálsdóttir, aðjúnt við Menntavísindasvið, fjallar um hugtökin sjálfbær þróun og sjálfbærni menntun í nýrri aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla. Lögð verður áhersla á hvaða tækifæri felast í því að móta nám barna og unglinga út frá hugmyndum um sjálfbærni og hvaða kröfur slíkt gerir um hvað og hvernig börn læra.

Sjá nánar á mennta.hi.is

Allir velkomnir og ókeypis aðgangur

HÁSKÓLI ÍSLANDS MENNTAVÍSINDASVIÐ 1911–2011

20% afsláttur af Biomega vítamínum



Reykjavíkur Apótek

Alexei Kúdrín hætti eftir gagnrýni sína á Dimitrí Medvedev, forseta Rússlands: Fjármálaráðherra segir af sér

RÚSSLAND Fjármálaráðherra Rússlands, Alexei Kúdrín, sagði af sér embætti í gær. Kúdrín gagnrýndi efnahagsstefnu Dimitrís Medvedev forseta landsins um helgina, eftir að fréttir bárust af því að Medvedev og Vladimir Pútín hygðust skiptast á embættum í forsetakosningum í mars næstkomandi. Kúdrín lét hafa eftir sér að hann myndi ekki starfa í ríkisstjórn undir stjórn Medvedevs. Hann hefur verið fjármálaráðherra frá árinu 2000 og er virtur bæði heima og heiman. Medvedev brást ókvæða við ummælum Kúdríns og sagði þau óréttlætunleg. Hann gaf ráðherranum frest til loka gærdagsins til að segja af sér. Sérfræðingar telja að Kúdrín hafi sjálfur vonast til að verða forsætisráðherra að loknum þingkosningum í desember. Afsögn hans veldur erlendum fjárfestum áhyggjum, en hann hefur vakið athygli fyrir aðgerðir sínar til að bjarga olíuauði ríkisins árið 2008. Pútín gæti orðið forseti í tvö kjörtímabil



ÓSÁTTUR Alexei Kúdrín (t.h) fjármálaráðherra Rússlands sagði af sér í gær vegna ósættis við ráðagerð Dimitrís Medvedev (t.v.) forseta Rússlands og Pútíns um að hafa sætaskipti.

til viðbótar ef hann nær kjöri. Hann yrði þá þau setnasti forseti landsins síðan Stalín réði ríkjum í Sovétríkjunum.




VW Passat Comfort TDi
Árgerð 2006, dísel
Ekinn 83.000 km, beinskiptur

Ásett verð **2.190.000,-**

Tilboð **1.990.000,-**

NÝLEGI GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



Audi Q7 3,0 TDi
Árgerð 2010, dísel
Ekinn 17.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
11.890.000,-



VW Polo 1.4 Comf. 5 gíra
85 Hö. Árgerð 2010, bensín
Ekinn 42.000 km, beinsk.

Ásett verð
1.990.000,-



Audi A3 TFSI
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 25.000 km, beinsk.

Ásett verð
3.290.000,-



VW Polo Comfortline
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 58.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
1.780.000,-



Toyota Land Cruiser
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 58.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
5.990.000,-



Nissan X-Trail
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 95.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
2.250.000,-



Honda Civic
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 42.000 km, beinsk.

Ásett verð
2.190.000,-



MM Lancer
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 41.000 km, beinsk.

Ásett verð
2.690.000,-



Skoda Superb 1.8T
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 73.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
2.390.000,-



VW Sharan
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 50.000 km, beinsk.

Ásett verð
2.990.000,-



MM Pajero Instyle
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 84.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
6.590.000,-



VW Passat Comfort
1.8T. Árgerð 2010, bensín
Ekinn 11.500 km, sjálfsk.

Ásett verð
4.490.000,-



**NOTAÐIR
BÍLAR**

Komdu og skoðaðu úrvalið!

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

Kíkið inná:

heklanotadirbilar.is



- 1 Hversu margfaldur varð ágóðinn af 700 milljónum sem lagðar voru í Inspired by Iceland?
- 2 Í hvaða arabaríki eiga konur að fá að kjósa í sveitarstjórnarkosningum frá og með árinu 2015?
- 3 Hvaða prestur hefur skrifað bókina Aðgát skal höfð í nærveru sólar?

SVÖR:

1. Finnur Guðmundsson
2. Sádr-Árabía
3. Solveig Lára Guðmundsdóttir

Tæp 80 prósent hafa lært ensku í grunnskólum og hafa aldrei verið fleiri: Hálf tannað hundrað lærir japönsku


MENNTUN Aldrei hafa fleiri nemendur í grunnskólum landsins lært ensku, en 78,9 prósent nemandastunda það nám. Framhaldsskólanemendur læra að meðaltali 1,41 tungumál skólaárið 2010 til 2011. Áhugi á japönsku eykst, 148 lærðu það tungumál 2010 til 2011, en þeir voru 114 veturinn á undan. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Dagur tungumála í Evrópu var í gær. Í tölum Hagstofunnar má sjá að stúlkur sækja frekar í tungumálanám í framhaldsskólunum en piltar. Alls læra 73,8 prósent stúlkna og 73,5 prósent piltar tungumál í framhaldsskólum. Flestir læra ensku, þá dönsku og þýskan er í þriðja sæti. Þess ber að geta þessi tungumál eru skyldunámsgreinar hjá flestum framhaldsskólanemum.

- kóp

Japanskan vinsæl

Framhaldsskólanemendur í tungumálum sem fáir læra 2010-2011



Lögregla rannsakar hundamál: Leitað að hundi sem ræðst á fé

LÖGREGLUMÁL Leitað hefur verið að dýrbít í nágrenni Hvolsvallar en nokkur tilvik hafa komið upp þar sem ráðist hefur verið á búfé, að sögn lögreglu.

Á sunnudagskvöld var hundur handsamaður af manni sem hafði verið bitinn í kálfann. Í vikunni veittist annar hundur að fé við sveitabæ í nágrenni Hellu og sást til hundsins sem reyndist vera aðkomuhundur og hafði nýlega komið í sveitina. Málið er í skoðun hjá lögreglunni og Rangáringi ytra.

- jss

SAMSPIL FERÐAÞJÓNUSTU OG SKAPANDI GREINA
FERÐAMÁLAPING Á ÍSAFIRÐI 5.-6. OKTÓBER 2011

UPPLIFÐU

Komdu vestur!

WWW.VESTURFERDIR.IS
Allar nánari upplýsingar og skráning

Iðnaðarráðuneyti og Ferðamálastofa í samvinnu við Hönnunarmiðstöð, Arkitektafélag Íslands, Byggðasafn Vestfjarða, Nýsköpunarmiðstöð og Íslandsstofu boða til ferðamálapings á Ísafirði 5.-6. október 2011. Meginþema þingsins er upplifun með áherslu á samspil ferðaþjónustu og skapandi greina.



Okkar hlutverk er að dreifa

fjölþósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.

Heyrðu í okkur næst þegar þú þarft á öruggri og hagstæðri dreifingarþjónustu að halda.

Póstdreifing - Suðurhraun 1
210 Garðabær - Sími 585 8300
www.postdreifing.is

Póst dreifing

SVP gagnrýna tolla- og innflutningsstefnu

Framsögumenn á fundi Samtaka atvinnulífsins deildu hart á stefnu stjórnvalda í atvinnumálum. Formaður Samtaka verslunar og þjónustu segir tækifæri felast í því að aflétta tollum og vörugjöldum og auka innflutning á ýmsum vörum.

ATVINNULÍF Margrét Kristmannsdóttir, formaður Samtaka verslunar og þjónustu (SVP), deildi hart á stefnu stjórnvalda í tolla- og innflutningsmálum á opnum fundi sem Samtök atvinnulífsins (SA) stóðu fyrir í gær.

Yfirskrift fundarins var „Ryðjum hindrunum úr vegi“ og voru allir frummælendur gagnrýnir á stefnu stjórnvalda, sem þeir sögðu að stæði fjárfestingu og framþróun fyrir þrifum.

Meðal annars sagði Grímur Sæmundsson, varaformaður SA, í erindi sínu að hægt væri að bæta þjóðarhag um 46 milljarða króna á ári með því að vinna bug á atvinnuleysi, en nú eru um ellufu þúsund Íslendingar á atvinnuleysisbótum.

Þá sagði Kolbeinn Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Ístaks, að aðstæður hér á landi væru síst til þess fallnar að laða að erlenda fjárfestingu. Adolf Guðmundsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, átalði einnig stjórnina fyrir vinnubrögð í málefnum sjávarútvegsins, sem stæði fjárfestingum í stéttinni fyrir þrifum.

Inntakið í framsögu Margrétar var að stefna stjórnvalda í tolla- og innflutningsmálum og núverandi landbúnaðarkerfi skaðaði alla.

Tækifærin væru þó til staðar, fyrst af öllu í ferðamannaíðnaði. „Í öðru lagi viljum við flytja inn verslun Íslendinga sem hið opinbera flytur úr landi með skattlagningu,“ sagði Margrét og vísaði þar til vörugjalda sem lögð eru á ýmis raftæki, byggingarvörur og föt, sem leiði til þess að almennur hér á landi leitir í auknum mæli út fyrir landsteinana til að versla.

„Vörugjaldakerfið stórskaðar innlenda verslun,“ segir Margrét og bætir við: „Á þessum erfiðu



VILL AUKA VÖRUINNFLUTNING Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVP, segir mikil tækifæri felast í lækkun tolla og vörugjalda sem gæti örvað verslun og atvinnulíf hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Margrét um ríkisstjórnarsamstarfið

Í ræðu sinni deildi Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVP, hart á ríkisstjórnina og hótanir einstakra stjórnarliða í mörgum málum.

„Ef þessi ríkisstjórn á að eiga einhverja möguleika á því að sitja með sæmd út kjörtímabilið verður Samfylkingin að stíga niður fæti og neita að vera eins og meðvirkur maki í ofbeldishjónabandi.“

tímum kemur ákall frá versluninni um að þessari atvinnugrein verði gert kleift að vera samkeppnishæf við nágrannalöndin. Það er að verslun flytjist heim og skapi störf og tekjur.“

Þá vandaði Margrét Jóni Bjarnasyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi, ekki kveðjurnar og sagði hann brjóta alþjóðasamninga með því að leyfa ekki meiri innflutning á alifuglakjöti á lægri tollum.

„Við Íslendingar erum oft eins og barbarar þegar kemur að

alþjóðaviðskiptum,“ sagði Margrét. „Sjálfteljum við sjálfsagt að flytja út landbúnaðarvörur, en lokum á sama tíma öllum dyrum fyrir innflutningi.“

Margrét vísaði einnig til þess að verð á kjúklinga- og svínakjöti hér á landi hafi hækkað um tuttugu til fjórtíu prósent og kallaði eftir því að á meðan standa ætti vörð um hefðbundinn landbúnað í sveitum landsins ætti ekki að setja „iðnaðarframleitt kjúklinga- og svínakjöt“ undir sama hatt.

thorgils@frettabladid.is

Breskt skip sem var skotið niður af þjóðverjum í seinni heimsstyrjöld fundið:

Fundu troðfullt skip af silfri

BRETLAND Um tvö hundruð tonn af silfri hafa fundist í skipi sem sökk á Atlantshafi árið 1941. Talið er að silfrið sé 230 milljóna Bandaríkjadala virði, eða rúmlega 27 milljarða íslenskra króna. Reynist það rétt hefur jafn verðmætur málmur aldrei fundist í sjó fyrr.

Skipinu SS Gairsoppa frá Bretlandi var sökk af þýskum kafbáti í seinni heimsstyrjöldinni. Skipið var á leið heim til Bretlands eftir verslunarferð til Indlands. Aðeins einn skipverji af 32 lifði af og kom til lands hálfum mánuði eftir að skipið sökk.

Bandaríska könnunarfyrrtækistöð Odyssey Marine fann skipið í

sumar og nú hefur verið staðfest að um SS Gairsoppa sé að ræða. Fyrirtækið mun halda eftir átta tíu prósentum af verðmæti farmsins. Mögulegt er að nokkuð af gulli leynist einnig í farminum. Mjög ólíklegt er talið að líkamsleifar þeirra sem fórust finnst, sökum þess hversu langt er síðan skipið fórst og á hve miklu dýpi það er.

Forsvarsmenn fyrirtækisins segjast bjartsýnir á að hægt verði að ná verðmætunum úr skipinu. Það standi upprétt á hafsbotni og því verði hægt að senda eins konar vélmenni til að ná farminum. Talið er að hægt verði að hefja vinnu á fyrri hluta næsta árs.


- þeb



SS GAIRSOPPA Vonast er til að hægt verði að hefjast handa við að ná málmunum úr skipinu á næsta ári.

NORDICPHOTOS/AFP

HINN EINI SANNI sláturmarkaður!



SLÁTUR MARKAÐUR

ferskt daglega!

í Hagkaup SMÁRALIND
frá 27. september.

Afgreitt frá kl. 14 - 18*

* Alla daga nema mánudaga og sunnudaga meðan birgðir endast

ÓDÝRT
OG GOTT!
Keppurinn á
ca. 90 kr.

 Smáralind

ÓDÝRT Í HAGKAUP



Sérvalinn og snyrtur
1/2 lambaskrokkur
100% nýting engin slög

- Heilt lambalæri
- 1/2 hryggur, sagaður í kótilettur
- Frampartur sagaður
- Súpukjöt

30% afsláttur við kassa

1098kr/kg ~~1568kr/kg~~



OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

TAKTU SKREFIÐ

SKAPAÐU ÞÍNA
EIGIN FRAMTÍÐ



LYKILÞÆTTIR
ÞJÓNUSTU
— MARKVISS LEIÐ

NÝ HAGNÝT NÁMSKEIÐSLÍNA

MEÐAL VIÐFANGSEFNA:

ÞJÓNUSTUFRAEÐI – FERLAR – SIÐFERÐI

SJÁLFSTRAUST -
SAMSKIPTAHÆFNI - VINNUGLEÐI

MARKVISS VINNUBRÖGÐ -
FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

KENNT ER Í ÞREMUR LOTUM
Í OKTÓBER TIL DESEMBER

ENGIN INNTÖKUSKILYRÐI

UMSÓKNARFRESTUR TIL 29. SEPTEMBER

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar:
sími 525 4444 endurmenntun.is

Grunaður um að hafa myrt hjón á göngu í skóglendi í nágrenni Óðinsvéa: Hefur gengist undir geðrannsókn

DANMÖRK Maðurinn sem er talinn hafa myrt miðaldra hjón á göngu um Þúsundaráskóginn í Óðinsvéum hefur gengist undir geðrannsókn og verður máli hans brátt vísað til saksóknara. Morðin vöktu mikinn óhug síðasta vor.

Hjónin Bjarne Johansen og Heidi Nielsen fundust í skóginum 14. apríl, en þau höfðu verið skotin til bana kvöldið áður. Fáar vísbendingar voru um hvað gæti hafa átt sér stað þar, en maðurinn var loks handtekinn í maí, um mánuði eftir að morðin voru framin.

Svo virðist sem engin ástæða hafi verið fyrir verknaðinum, annar en að þau hafi komið að morðingjanum þar sem hann var að skjóta af ólöglegu skotvopni.

Hinn grunaði hefur síðan setið í gæsluvarðhaldi, en hann skipti meðal annars um nafn nýlega.

Morðdeild lögreglunnar á Fjöni vill ekki láta neitt uppi um innihald geðrannsóknarinnar, en segist munu skila málgögnum til ríkissaksóknara innan mánaðar. Hann muni svo ákveða hvort ákært verði í málinu.

- þj



MORÐRANNSÓKN POKAST ÁFRAM
Lögreglan á Fjöni hefur nærri lokið rannsókn á morðinu á hjónunum í Þúsundaráskógi. NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrirtæki skapi sátt með jafnlaunastaðli

Þriggja ára vinnu Staðlaráðs að jafnlaunastaðli að ljúka. Fulltrúar úr starfsmannadeildum stórra fyrirtækja hafa tekið þátt í vinnunni. Hugtakið jafnverðmæt störf er ýmsum framandi, segir Hildur Jónsdóttir sérfræðingur.

JAFNRÉTTISMÁL Vinnuhópur tækninefndar Staðlaráðs er að leggja lokahönd á tillögu um jafnlaunastaðal sem fyrirtæki og stofnanir geta síðan tekið í notkun, að því er Hildur Jónsdóttir, formaður tækninefndar ráðsins og sérfræðingur stjórnarráðsins í jafnrétti kynja, greinir frá.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins leituðu til Staðlaráðs vegna gerðar jafnlaunastaðals og hófst vinnan í ársbyrjun 2009.

„Staðlaráð tilkynnti þá strax að það væri almennt viðurkennt að þrjú ár þyrfti til slíks verkefnis. Ráðið sendi erindi til allra hagsmunaaðila og bauð þeim að taka þátt. Þeir sem svöruðu kallinu mynda tækninefnd. Vonandi samþykkir tækninefndin tillögu vinnuhópsins,“ segir Hildur.

Því næst þarf að auglýsa svokallað frumvarp að staðlinum, segir Hildur. „Það þarf að gefa rúman tíma fyrir athugasemdir sem hver sem er getur komið með. Taka þarf þær allar til efnislegrar umfjöllunar og veita rökstudd svör. Ég geri mér vonir um að auglýsingaferlið geti hafist fyrir áramót. Frestur til að skila inn athugasemdum yrði tveir til þrjár mánuðir og mögulega tæki það tvo mánuði að vinna úr þeim.“

Að sögn Hildur þurfa jafnframt vottunarstofur eða einhvers konar úttektaraðilar að uppfylla ákveðnar hæfniskröfur til að sýna að þau geti tekið út fyrirtæki samkvæmt staðlinum.

Nokkur fyrirtæki hafa þegar lýst yfir áhuga á að taka upp jafn-



LAUNAJAFNRÉTTI „Við erum föst í hugsanaganginum sömu laun fyrir sömu vinnu,“ segir Hildur Jónsdóttir, sérfræðingur stjórnarráðsins í jafnrétti kynja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Störf sem eru ólík að ytri ásýnd geta hins vegar verið jafnverðmæt þar sem þau geta verið jafnkrefjandi. Það hefur tekið okkur svolíttinn tíma að komast á sömu blaðsíðuna.”

HILDUR JÓNSDÓTTIR
SÉRFRÆÐINGUR

launastaðal. „Þau hafa verið að reyna að fylgjast með vinnunni auk þess sem nokkrir úr starfsmannadeildum stórra fyrirtækja hafa tekið þátt í vinnu tækninefndar.“ Hildur tekur það fram að hug-

takið jafnverðmæt störf vefjist fyrir ýmsum. „Við erum föst í hugsanaganginum sömu laun fyrir sömu vinnu. Störf sem eru ólík að ytri ásýnd geta hins vegar verið jafnverðmæt þar sem þau geta verið jafnkrefjandi. Það hefur tekið okkur svolíttinn tíma að komast á sömu blaðsíðuna.“

Með staðlinum er vonast til að markmiðum jafnlaunaákvæðis jafnréttislaga verði náð. „Ég tel að það sé mikið keppikefli fyrir fyrirtæki að innleiða svona staðal. Með honum getur fyrirtæki bæði skapað sátt meðal starfsmanna og traust þeirra á því að fyrirtækið geri allt sem hægt er til að axla sína ábyrgð þegar kemur að launa-jafnrétti kynjanna.“ ibs@frettabladid.is

Úr veðrinu rættist áður en komið var upp að Langjökli í Jeppaferð fjölskyldunnar:

Fleiri koma þegar spáin er góð

FERÐALÖG Ríflega fjórutíu jeppar luku um 250 kílómetra bíltúr á laugardag þegar Bílabúð Benna blés til árvissrar „Jeppaferðar fjölskyldunnar“ fyrir viðskiptavinum sína. Að þessu sinni lá leiðin um Þingvöll upp að Langjökli þar sem var grillað áður en haldið var að Húsafelli og svo heim.

„Rigningarspá dró heldur úr aðsókn að þessu sinni,“ sagði Benedikt Eyjólfsson (Benni), framkvæmdastjóri og eigandi Bílabúðar Benna, eftir að hafa ásamt starfsfólki sínu grillað hamborgara ofan í ferðalangana við rætur Langjökuls. Þar var bjart yfir og þurr þó rígt hafi í höfuðborginni þegar lagt var upp. „Í fyrra voru rúmlega helmingi fleiri með, en þá var spáin líka rosagóð.“

Benni segir Bílabúðina fyrst hafa staðið fyrir svona jeppaferð fyrir um tuttugu árum, en þá hafi um 800 jeppar verið með í ferðinni. Jeppaferð fjölskyldunnar hafi hins vegar verið árviss viðburður síðan á seinni hluta tíunda áratugar síðustu aldar.

Í ferðinni voru Captiva-, Musso-, Rexton-, Kyron- og Porsche-jeppar og -jepplingar og spreyttu sumir sig á því að keyra upp á jökulröndina. Jökullinn er hins vegar sagður ótryggur á þessum árstíma og því var ekki haldið langt inn á hann.

- óká



JEPPAR Á FERÐ
Bílalest viðskiptavina Bílabúðar Benna á Kaldadalssleifi. **BENNI GRILLAR** Benedikt Eyjólfsson bauð upp á grillaða hamborgara í „Jeppaferð fjölskyldunnar“ á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKA

ÍSLENSKIR DAGAR

Hágæða íslensk
heilsurúm.

*Smíðum raf-
magnsrúm í öllum
stærðum!*

Hágæða fjölstillanleg
rafmagnsrúm



Allt að 12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing!

20-50% AFSLÁTTUR

Frí heimsending á hjónarúmunum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu
faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!


*Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með
hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

- Finnurðu fyrir eymslum í mjóðum?
- Vaknarðu oft með verki í mjóðum?
- Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
- Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
 - hryggskekkju
 - brjóska
 - samföllnum hryggjaliðum
 - spengdum hryggjaliðum
 - gigt, til dæmis:
 - slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM



VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



Ísland styður Palestínu.

Lágmark að sitja við sama borð

Pegar litið er um öxl virðist ljóst að mun farsælla hefði verið fyrir Palestínunum að samþykka tillögu Sameinuðu þjóðanna 1947 um skiptingu lands þeirra milli gyðinga og Palestínunanna. Hafa verður þó í huga að um var að ræða land sem þeir höfðu haft fullt forræði yfir öldum saman og búið á með gyðingum sem þó voru mikill minnihluti í landinu.

Síðan eru liðin meira en sextíu ár og ástandið í Palestínu kunnara en frá þurfi að segja. Ísraelsmenn hafa hernumið þorra þess lands sem Sameinuðu þjóðirnar ætluðu Palestínunönnum og fara þar með öll völd.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Vart er hægt að hugsa sér ömurlegri aðstæður en þær sem palestínsk þjóð býr við. Hluti hennar býr innan landamæra Ísraels án þess að njóta þar mannréttinda eins og fullgildir borgarar þess lands. Annar hluti býr við jafnvel enn ótryggari aðstæður innan landamæra nágrenna- ríkja. Loks hefst hluti palestínsku þjóðarinnar við í flóttamanna- búðum, þ.e. á ekkert eiginlegt heimili.

Þegar hér er komið sögu hafa Palestínunum sameinast um að vilja stofna ríki sitt á litlu broti þess landsvæðis sem þeim var ætlað af Sameinuðu þjóðunum 1947.

Það er löngu tímabært að alþjóðasamfélagið, og Ísland þar með, taki af skarið og styðji með ráðum og dáð þessa viðleitni Palestínunanna. Þorri þjóða heims getur ekki látið ísraelsk stjórnvöld með fulltingi þeirra bandarísku koma í veg fyrir að almenningur í Palestínu njóti grundvallarmannréttinda eins og bara þeirra að eiga sér ríkisfang og hafa forræði yfir því landi sem hann býr á.

Umsókn Palestínunanna um aðild að Sameinuðu þjóðunum á föstudag markaði tímamót. Óssur Skarphéðinsson utanríkis- ríkisráðherra lýsti í gær yfir stuðningi íslenskra stjórnvalda við umsóknina. Bandaríkjamenn segja hins vegar að þjóðirnar tvær verði að ná samkomulagi áður en þeir treysta sér til að styðja aðild Palestínu að Sameinuðu þjóðunum.

Velta má fyrir sér hvernig tvær þjóðir sem á engan hátt sitja við sama borð eiga að geta samið. Ísrael er eitt öflugasta herveldi heims og Palestína mun aldrei ná þeim að styrk þegar kemur að hernaði. Þess aflsmunar hafa Ísraelsmenn neytt og gera enn, til dæmis í landtöku sinni.

Möguleiki alþjóðasamfélagsins í gegnum Sameinuðu þjóðirnar er að veita Palestínu sömu pólitísku stöðu og öðrum þjóðríkjum heims. Þar hlýtur upphafspunkturinn að vera.

Til að styrkja stöðu Palestínu eiga þjóðir heims að viðurkenna sjálfstæði Palestínu. Utanríkisráðherra lýsti því yfir í gærkvöld að þingsályktunartillaga þess efnis yrði lögð fram í næstu viku. Með því og afdráttarlausum stuðningi við aðildarumsóknina sýna Íslendingar frumkvæði sem þeir geta verið stoltir af.

Minna verður á að friður milli Ísraels og Palestínu er í allra þágu og þá fyrst og fremst í þágu almennra borgara, bæði Palestín- manna og Ísraelsmanna.

Forgangsverkefnið

„Það sem er mjög brýnt er að ríkisstjórnin taki af skarið um það að Sundabraut sé forgangsmál og að hún verði lögð í göngum.“ Svo mælti Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi árið 2008. Umferðaröryggi réði ekki síst afstöðu borgarfulltrúans en einnig umferðar- flæði. Þegar miklar tafir urðu í Ártúnsbreykku vegna umferðar- slyss, tveimur árum fyrr, sagði hann brautina vinna gegn flöskuhálsnum í umferðinni. Ósanngjarnt er annað en að meta ummæli Dags út frá því að þau féllu fyrir kreppu.



Skoðanakönnun um allt

Dagur hefur nefnilega skipt um skoðun og telur Sundabraut ekki lengur forgangsverkefni. Ástæðan er áhugaverð. Gefum Degi orðið: „Á árum áður var sérstaklega kallað eftir Sundabraut. Við sjáum hins vegar í skoðanakönnunum að það urðu umskipti eftir hrún og í stað þess að hún yrði efst á listanum tóku auknar almenningssamgöngur sæti hennar.“ Það eru sem sagt skoðanakannanirnar sem ráða ferðinni, eins og stundum áður hjá Samfylkingunni.

Stjórnlagaráðsandið

Athyglisvert er hve sjálfstæðismenn eru eindregið á móti stjórnlagaráði og ferlinu við breytingu stjórnarskrár. Björn Bjarnason er þar engin undan- tekning. Álit hans á ráðinu er svo lítið að hann segir í pistli í gær að saga þess sé svo furðuleg að hefðu henni ekki verið gerð skil strax í heim- ildarmynd hefðu margir haldið að um skáldsögu hefði verið að ræða. Það er kannski skáldsöguþema að þjóðin hafi þurft að grípa í taumana til að breyta stjórnarskrá sinni. kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Er tóbak fíkniefni?

Heilbrigðis- mál



Magnús Jóhannsson læknir og próffessor

Meðal fíkniefna er tóbak það efni sem veldur langmestu heilsutjóni, þ.e. sjúkdómum og ótímabærum dauða. Rekja má ótímabæran dauða um 300 Íslendinga á ári til tóbaksnotkunar. Öll önnur fíkniefni til samans valda aðeins broti af því heilsu- tjóni sem hlýst af tóbaksnotkun. Tóbaks- notkun kostar samfélagið miklar fjárhæð- ir og aðgerðir sem draga úr tóbaksnotkun geta þess vegna skilað miklum árangri, bæði heilsufarslegum og fjárhagslegum.

En hvað er tóbak og hvað er nikó- tín? Líta má á tóbak sem eins konar tæki til að koma nikótíni inn í líkamann. Nikótíninnihald tóbaks er það einn sem gerir það að söluvöru og það hefur sýnt sig að tóbak sem búið er að fjarlægja nikótínið úr selst ekki. Nikótín er náttúruafnið sam- kvæmt venjulegum skilgreiningum og það er líka flokkað sem lyf og selt í tiltek- num lyfjaformum (tyggigúmmí, plástrar, o.fl.). Nikótín er einnig flokkað sem eiturf- efni og hefur m.a. mikið verið notað sem skordýraeitur þó að þeirri notkun sé að mestu hætt. Nikótín er ekki flokkað sem fíkniefni, hvorki samkvæmt íslenskum lögum né er það að finna á alþjóðlegum listum yfir fíkniefni. Ef litið er til verkana nikótíns uppfyllir það hins vegar öll helstu skilmerki fíkniefna.

Nikótín veldur sannarlega ávana og fíkn. Tóbak, í hvaða formi sem er, er notað vegna þessara eiginleika nikótíns. Þekktir eru nokkrir mikilvægir áhættu- þættir fyrir ávana og fíkn og gilda þeir fyrir tóbak eins og fyrir önnur fíkniefni. Þeir eru: vissir erfðþættir, ungur aldur, geðsjúkdómar, misnotkun annarra efna og konur eru í meiri hættu en karlar.

Baráttan gegn tóbaksnotkun hefur staðið lengi og kostað mikið. Þessi bar- átta er tvenns konar. Annars vegar for- varnir til að vinna gegn því að ungmenni byrji að nota tóbak og hins vegar með- ferð til að hjálpa tóbaksnotendum að hætta. Forvarnarstarfið er mikilvægast og það þarf að efla með nýjum aðferðum. Til dæmis mætti breyta flokkun á tóbaki og nikótíni þannig að aðgengi yrði enn takmarkaðra eða jafnvel að efnin yrðu bönnuð, eftir hæfilegan aðlögunartíma. Kannabis (hass, marjúána) og kóka- lauf eru flokkuð sem ólögleg fíkniefni og tóbak á vissulega heima í þeim flokki. Ekki er auðvelt að benda á aðra aðgerð en að banna tóbak sem hefði jafn mikil og víðtæk bætandi áhrif á lýðheilsu. Lækn- isfræðilegu rökin liggja fyrir en það sem vantar er pólitísk ákvörðun.

ÚTGÁFUFLÉGG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

TILNEFND TIL
CAMERA D'OR
FESTIVAL DE CANNES

MYND EFTIR RÚNAR RÚNARSSON

ELDFJALL

FRUMSÝND 30. SEPTEMBER

Vald og virðing



Í DAG

Jónína Michaëlsdóttir blaðamaður

Allir vissu hvers var að vænta ef þetta hefðu verið Þjóðverjar.

Samningar

Ári síðar fóru flestir bresku hermennirnir, en mæltust til þess við Bandaríkjamenn að þeir tækju við. Í júlíbyrjun gerði ríkisstjórn Íslands herverndarsamning við Bandaríkjamenn. Þar með lauk hernáminu í raun. Í apríl 1947 yfirgáfu síðustu hermennirnir landið, í samræmi við Keflavíkursamninginn, sem Ólafur Thors gerði við Bandaríkjamenn.

Árið 1949 gekk Ísland í Atlantshafsbandalagið og tveimur árum síðar er gerður samningur um hervernd milli Íslendinga og Bandaríkjamanna. Þeir koma hingað 1951 og fara 2006, eins og allir vita. Samskipti okkar við Bandaríkin hafa sem sagt frá upphafi verið byggð á gagnkvæmu trausti. Ekki kúgun eða afskiptasemi. Þangað til núna.

Stórmenni

Í yfirlýsingu frá Hvíta húsinu áréttar Barack Obama nú stuðning Bandaríkjustjórnar við hvalveiðibann. Hafnar veiðum í vísindaskyni og fyrirskipar þungar diplómatiskear aðgerðir í garð Íslendinga.

Gæti maður allrar sanngirni, þá var það eiginlega enn furðulegra þegar sendiherra Bandaríkjanna hér á landi fékk á sínum tíma bréf þess efnis að forseti Íslands hygðist sæma hana fálkaorðunni. Mér er sagt að hún hefði þurft að bera þetta

fyrir. Svona óvirðing gleymist ekki. Við Íslendingar hefðum ekki tekið vel svona óvirðingu við okkar sendiherra, og þar með íslensku þjóðina.

Hafi þetta verið misskilningur, sem fleiri en ég efast um, þá er Ólafur Ragnar þeirrar gerðar, að ef honum er úthlutað torfa, gerir hann það að túni áður en við er litid. Og honum var í lófa lagið að leysa þetta mál, hvað sem hver segir. Hann er meira að segja svo snjall, að þó að hann blási á öll fyrri viðmið forsetaembættisins og sé á kafi í pólitík, þá er ekki talað um að hann hafi farið út fyrir rammann, heldur að hann hafi breytt forsetaembættinu.

Þessa dagana situr hann sæll og brosandi fyrir framman myndavélarnar, ýmist með leiðandi manni í Rússlandi eða Kína. Fyrirverandi formaður Alþýðubandalagsins er í góðum félagskap.

Eiginlega er ekki hægt annað en að samgledjast honum.

Við Íslendingar hefðum ekki tekið vel svona óvirðingu við okkar sendiherra, og þar með íslensku þjóðina.

Um leið og manni finnst forseti Bandaríkjanna ekki vaxa af því að blanda sér persónulega í hótun í garð fámennrar eyþjóðar, hvar sem hún væri í heiminum, þá kann að vera beygur í honum vegna forsetakosninganna á næsta ári. Hann er ekki öruggur með endurkjör. Atkvæði umhverfissinna skipta máli, eins og annarra. Engu að síður er þetta furðulegt.

undir sína yfirmenn og fá samþykki þeirra. En á leiðinni til Bessastaða, eflaust uppáklædd og stolt, fær hún símtal frá forsetaskrifstofunni, þar sem henni er sagt að það eigi ekki að sæma hana orðunni. Þetta hafi verið misskilningur.

Þetta er náttúrulega ekki bara gróf móðgun við sendiherrann, heldur bandarísku þjóðina sem hún er fulltrúi

Í tilefni niðurstöðu launakönnunar VR 2011

Launajafnrétti

Marianna Traustadóttir jafnréttisfulltrúi ASÍ



töku á vinnumarkaði og sannarlega hlýddu þær því kalli, þar sem atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er í dag um 80%. Íslenskt atvinnulíf er háð vinnuframlagi kvenna. Konur starfa í öllum starfsgreinum, þær bera m.a. uppi fjölda þjónustugreina, menntakerfið og heilbrigðiskerfið. Íslenskt samfélag er einfaldlega óstarfhæft án vinnuframlags kvenna. Konur hafa sótt í sig veðrið og eflt menntun sína á öllum sviðum. Þær eru meirihluti þeirra sem útskrifast úr framhaldsskólum og háskólum. Fram kemur í launakönnun VR að menntun hefur áhrif á launamun kynjanna á þann hátt að munurinn minnkar eftir því sem menntunin eykst. En því miður þá hefur launamunur kynjanna, í þessum hópi, aukist á milli árána 2010 og 2011. Árið 2010 var hann 5,3% en er nú 9,9% hjá félagsmönnum VR með meistara- eða doktorsgráðu.

Hvað er til ráða? Kynbundinn launamunur er svartur blettur á íslensku samfélagi, jafnir möguleikar kvenna og karla til starfa,

Eitt af hlutverkum verkalyðshreyfingarinnar er að fylgja eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það felur m.a. í sér að komið verði á og viðhaldið jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins. Til þess að ná fram ofangreindum markmiðum er nauðsynlegt að efla og styrkja samstarf við alla aðila vinnumarkaðarins og önnur hagsmunafélagsamtök sem vinna að jafnrétti kvenna og karla.

VR er fjölmennasta aðildarfélag ASÍ og hefur félagið birt niðurstöðu launakönnunar sinnar undanfarnar ár. Niðurstöðurnar hafa ekki aðeins nýst félags-

Konur starfa í öllum starfsgreinum, þær bera m.a. uppi fjölda þjónustugreina, menntakerfið og heilbrigðiskerfið. Íslenskt samfélag er einfaldlega óstarfhæft án vinnuframlags kvenna.

mönnum VR heldur og launafólki almennt. Allar tölulegar upplýsingar þar sem fram koma þróun og breytingar á launum á almenna vinnumarkaðinum eru mikilvæg viðbót við aðrar launakannanir. Niðurstöður launakönnunar VR staðfesta launamun kynjanna sem fram hefur komið í öðrum könnunum.

Niðurstöður launakönnunar VR fyrir árið 2011 sýna að almenn hækkun heildarlauna frá síðasta ári er 4,5% en það er um tvö prósentustig umfram kjarasamninga frá janúar 2010 til janúar 2011, og er það ánægjulegt. Önnur niðurstæða könnunarinnar er ekki eins ánægjuleg en það er að launamunur kynjanna er óbreyttur á milli ára. Konur í VR eru með 15,3% lægri heildarlaun en karlar en kynbundinn launamunur er 10,6%. Það eru mikil vonbrigði. Launamunur kynjanna hefur ekki tekið marktækum breytingum til hins betra á undanförunum árum.

Í nafni kvenfrelsis og jafnréttis voru konur hvattar til virkrar þátt-

starfsþróunar og launa er hagsmunamál launafólks og fyrirtækja. Verkalýðshreyfingin vill axla ábyrgð og hefur í samvinnu við SA og velferðarráðuneytið unnið að gerð staðals um framkvæmd stefnu launajafnréttis innan fyrirtækja og stofnana sem leiðbeinir atvinnurekendum hvernig markmiðum jafnlaunaákvæðis jafnréttislaga verður náð.

Upplýsingar og fræðsla um kynbundinn launamun til stjórnenda fyrirtækja og launafólks almennt eru nauðsynlegt og mikilvægt skref til að eyða þessari óværu. Í kjarasamningi ASÍ og SA frá 5. maí sl. var samþykkt bókun um jafnréttisáherslur. Bókunin er í fjórum liðum og m.a. samþykktu aðilar að gera sameiginlegt kynningar- og fræðsluferni fyrir launafólk og fyrirtæki um jafnrétti á vinnumarkaði. ASÍ hefur þegar hafið undirbúning að því verkefni í samstarfi við jafnréttis- og fjölskyldunefnd sambandsins. Jafnréttisbókunina er að finna í heild sinni á www.asi.is



Upplýsingar og skráning: 544 4500 / www.ntv.is

FORNÁM Í FORRITUN

Undirbúningsnám fyrir Dipómanám í forritun

Forritun er fjölbreytt, skapandi, alþjóðleg, krefjandi og skemmtileg starfsgrein sem stöðugt vantar nýja og skapandi starfskrafta. Þeir sem hafa stúdentspróf eða hliðstæða menntun geta valið að fara beint í Diplómanám í forritun.

Markmið þessa námskeiðs er að nemendur læri undirstöðuatriði forritunar og er jafnframt undirbúningur fyrir Diplómanám í forritun. Einnig gerir fornamið nemendum kleift að meta hvort þeir hafi áhuga og getu til að halda áfram á þessari braut, í Diplómanám (282 stundir) og þaðan í Leikjaforritun (204 stundir) sem hvorutveggja eru kennd hjá NTV.

Helstu námsgreinar:

- Tölvur, hugtök og stýrikerfi (18 stundir)
- Hagnýt stærðfræði (30 stundir)
- Java forritun (60 stundir)

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

108 stundir - Verð: 149.000.-
Síðdegisnámskeið: 11. okt. - 8. des.
Kvöld- og helgarnámskeið: 19. okt. til 28. nóv.



EN: 1111:1998

CE

ÚRVALIÐ ER

í Flísa- & Baðmarkaðnum

NAPOLI hitastýrt sturtuset

26.900



FC 519 Sturtuhorn m. botni 80x100 cm

39.900

Vinstri og hægri opnun



FC 517 Sturtuhorn m. botni 80x80 cm

39.900



6 mm Hert öryggisgler

Sturtuklefi 80x80x195cm með botni, vatnslás og botnventli

39.900


STURTUSETT FYLGIR

Einnig fánlegur í 90x90x195cm SAMA VERÐ Fæst einnig í rúnnaðri útfærslu



AQUA niðurfall 35cm

12.900



Mikið úrval – hvítir og króm

EURO handklæðaofn kúptur króm 50x120 cm

13.490



MILAN sturtuhorn 80x80 cm með botni

22.900



LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM



NAPOLI hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu

11.900



FC 503 Sturtuhorn m. botni 90x90 cm

49.900



Sturtuglerpil á baðkar

23.450



ADELL sturtuset

2.595



FC 512 Sturtuhorn m. botni 145x80 cm


59.900



Flísa & Bað

MARKAÐURINN

Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laugard. 11-16.



39 LEIKKONAN GWYNETH PALTROW er 39 ára.

„Á tímum Rómverja til forna hefði ég verið átlitin óaðlaðandi og veikluleg. Nú til dags þykir flottast að vera horrengla, sem mér þykir heimskulegt því hold segir ekkert til um innri mann.“

AFMÆLI

SIGURÐUR DAGSSON fyrrverandi landsliðsmaður í knattspyrnu er 67 ára.



JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON hæstaréttardómari er 64 ára.



MERKISATBURÐIR

- 1264** Oddaverjinn Þórður Andrésón, goðorðsmaður á Völlum á Rangárvöllum, veginn.
- 1821** Mexíkó fær sjálfstæði frá Spáni.
- 1922** Íslenskt mynt fer í dreifingu í Reykjavík.
- 1941** Stofndagur Menningar- og minningarsjóðs kvenna.
- 1958** Minnismerki um Þorstein Erlingsson skáld afhjúpað í Hlíðarendakoti.
- 1963** Flugfélag Íslands flytur milljónasta farþega sinn.
- 1966** Rússneska skemmtiferðaskipið Baltika leggur af stað frá Reykjavík á leiðis til Miðjarðarhafs og Svartahafs með 421 íslenskan farþega.

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Brynja Sigurðardóttir
 frá Hæli í Vestmannaeyjum,

lést föstudaginn 23. september í Hraunbúðum í Vestmannaeyjum.

Anna Davíðsdóttir	Friðgeir Þór Þorgeirsson
Sigurður Davíðsson	Hjördís H. Friðjónsdóttir
Helga Davíðsdóttir	
Hugrún Davíðsdóttir	Guðmundur Bergmann
Jóhann Ingi Davíðsson	Steinunn Heba Finnsdóttir
ömmubörn og langömmubörn.	

+

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og dóttir,
Margrét Árnadóttir

andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans að kvöldi 25. september. Útför hennar mun fara fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 4. október kl. 13.00.

Gísli Örvar Ólafsson	Kristín Guðrún Jónsdóttir
Steinar Freyr Gíslason	
Rúnar Bogi Gíslason	
Kristín Ýr Gísladóttir	
Árni V. Gíslason	Guðrún Steingrimsdóttir

+

Þórunn Árnadóttir
 ljósmóðir, Strandvegi 3, Garðabæ,

verður jarðsungen frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 29. september, athöfnin hefst kl. 15.00.

Tómas Agnar Tómasson	Helgi Ólafur Ólafsson
Ingibjörg Erna Sveinsson	Agnes Vala Tómasdóttir Bryndal
Árni Haukur Tómasson	Marion Tómasson
Helga Brynja Tómasdóttir	Vilhjálmur Karl Gissurarson
Herdís Rún Tómasdóttir	Ingólfur Freyr Elmers
Óskar Bergmann Tómasson	
Tómas Heimir Tómasson	Helena Tómasson
barnabörn og barnabarnabarn.	

PETTA GERÐIST: 27. SEPTEMBER 1981

Pétur Sigurgeirsson settur biskup

Þrjátíu ár eru liðin síðan Pétur Sigurgeirsson, 62 ára prestur á Akureyri og vígslubiskup Hólastiftis, var settur í embætti biskups.

Pétur var sonur Sigurgeirs Sigurðssonar biskups og konu hans, Guðrúnar Pétursdóttur. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1940, lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1944 og fór síðan í framhaldsnám til Banda-

rikjanna.

Pétur var skipaður sóknarprestur á Akureyri eftir að heim kom og gegndi því embætti allan sinn prestskap. Hann var skipaður vígslubiskup Hólastiftis 1969, jafnframt prestsstarfinu og gegndi því embætti uns hann varð biskup Íslands.

Pétur lét af störfum fyrir aldurs sakir 1. júlí 1989. Hann lést 4. júní 2010.

Heimild: Wikipedia.org



NÁTTÚRAN DRASLAR ÚT Meðal sýningarmuna er eldhús þar sem glögglega má sjá hvernig aðkoman var í eldhúsum bæjarbúa eftir skjálftann, bjarg sem féll úr Reykjafalli og rót af tré sem var soðið á hverasvæðinu sem opnaðist í látunum. MYND/KJÖRIS

SKJÁLFTINN 2008: SÝNING UM SUÐURLANDSSKJÁLFTANN OPNUÐ Í HVERAGERÐI

Fannst ég bregðast bæjarbúum

„Ég missti af Suðurlandsskjálftanum og finnst mér vanta í lífsreynslubankann. Því þótt upplifun af jarðskjálfta sé slæm er enn verra að vera að heiman,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, sem var í sumarleyfi í Svartfjallalandi 29. maí 2008 klukkan 15.45, þegar jarðskjálfti af stærðinni 6,3 á Richters-kvarða varð suðaustur af Hveragerði. Engin alvarleg slys urðu á fólki, en eignatjón tilkynnt á nánast öllum húsum bæjarins.

„Mér leið afar illa þá daga sem tók að komast heim á ný, jafnvel þótt ég vissi að allt væri í góðum höndum. Mér fannst ég bregðast að vera ekki til staðar og hvektist svo við það áfall að komast ekki tafarlaust heim, að í langan tíma á eftir fór ég ekki lengra en eina flugleið að heiman,“ segir Aldís.

Í dag opnar bæjarstjórnin varanlega sýningu um Suðurlandsskjálftann, sem hlotið hefur nafnið Skjálftinn 2008, en sýningin er samstarfsverkefni bæjarfélagsins og Fasteignafélagsins Reita.

„Eftir að Eden varð eldi að bráð vantaði Hveragerði sárlega viðkomustað ferðamanna. Sýningin hafði verið í undirbúningi, en eftir brunann var ákveðið að setja í fluggirinn og opna eins fljótt og auðið var,“ segir Aldís



ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR

vofir yfir stórum hluta Íslendinga,“ segir Aldís.

Mikil guðs mildi þótti að ekki urðu stórslys á fólki í Suðurlandsskjálftanum, eins og sláandi reynslusögur íbúa gefa innsýn í á sýningunni.

„Meðal frásagna er ótrúleg guðsgæska yfir sex mánaða stúlkubarni sem var í göngugrind á stofugólfinu þegar þungur stofuskápur kastaðist ofan á hana. Henni til lífs var að skápahurðirnar opnuðust og hún lenti innan í skápnum án þess að hljóta skrámu,“ segir Aldís og rifjar upp að skjálftinn hafi komið á besta mögulega tíma dagsins.

„Margir nutu veðurbliðunnar í kaffitímanum, en ekki þarf að spurja um slys á fólki ef skjálftinn hefði riðið yfir um nótt þegar íbúarnir sofa í rúmum sínum, eins og sjá má á

ópægilegum myndum af þungum klutum sem hrukku ofan í rúm og á kofa fólks í skjálftanum,“ segir Aldís.

Á sýningunni geta gestir farið í jarðskjálftaherminni og fengið nasa-sjón af því hvernig er að upplifa jarðskjálfta af þessari stærðargræðu. Hermirinn er árnesk uppfinning og hefur verið í felum í Hveragerði síðastliðin sjö ár.

„Í herminum verður enginn hræddur en víst er að margir ætla sér aldrei í hann. Þar skynjar maður vel kraftinn og ógnina sem fylgir 6,3 stigum á Richters-kvarða, með tilheyrandi hljóðum og hreyfingum,“ segir Aldís.

Hún segir Hvergerðinga hafa náð sér fljótt eftir skjálftann.

„Þakklæti yfir því að ekki fór verr var sterk tilfinning í samfélaginu og allir gerðu sér grein fyrir að einhver hélt vörðarhendi yfir þessum litla bæ. Margir voru beygðir, en krafturinn stendur upp úr og reyndar voru heimamenn svo röskir að þrifa að mikið af munum með sögulegt gildi glötuðust í ruslatunnunni. Í framtíðinni þurfum við að geyma betur það sem tengist stóratburðum í Íslands-sögunni, því margt sem við teljum ónýtt í dag hefur mikið gildi seinna.“

Sýningin opnar formlega klukkan 17.00 í verslunarmiðstöðinni við Sunnumörk.

Táknmynd um hönnun 20. aldar



Hurðarhúnninn sem **Arne Jacobsens** hannaði upphaflega fyrir SAS Royal hótelið í Kaupmannahöfn vakti verðskuldaða athygli fyrir form, mýkt og notagildi, enda er hann enn í framleiðslu og nýtur mikilla vinsælda víða um heim.



Verk Arne Jacobsen eru talin táknmynd skandinavískrar hönnunar á 20. öld og hafa notið virðingar og vinsælda um allan heim. AJ hurðarhúnninn var hannaður á 6. áratugnum og tilheyrir vörulínu sem kallast IKONS frá d line. Í IKONS eru m.a. glæsilegir hurðarhúnar sem allir einkennast af kröftugri hönnun, notagildi og formfegurð. Hver einasti hurðarhúnn í IKONS er einstakur smíðisgripur og byggir á hefðum í handverki og hönnun. Hurðarhúnninn fæst nikkell- og látúnshúðaður.

www.collectionofikons.com



VÉLAR & VERKEFÆRI

Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is



Ástkær dóttir/fósturdóttir,
**Bjarney Erla
Sigurðardóttir
(Baddý)**

lést að heimili okkar Malarási 4, Reykjavík,
föstudaginn 23. september. Útförin auglýst síðar.

Guðrún Jensdóttir Halldór Steingrímsson



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýbug
við andlát og útför elskulegrar móður
okkar, tengdamóður og ömmu,
**Ingibjargar
Gunnarsdóttir**
Ofanleiti 17, Reykjavík.

Starfsfólkinu Sóltúni færum við sérstakar þakkir fyrir
frábæra umönnun.

Hanna B. Herbertsdóttir Þorsteinn Karlsson
Herdis K. Herbertsdóttir Sturla Stefánsson
Gunnar Herbertsson Margrét Árnadóttir
barnabörn.



Ástkær dóttir mín, systir, mágkona
og frænka,
**Sigurbjörg Nielsdóttir
(Bögga)**
Kringlumýri 31, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn
25. september. Jarðarförin auglýst síðar.

Birna Gunnarsdóttir Ragnhildur Björg Jósefsdóttir
Gunnar Niésson
Birna Ósk Gunnarsdóttir
Tinna Björg Gunnarsdóttir
Ólafur Niéls Gunnarsson



Útför okkar elskuðu,
**Hjördísar Lindu
Jónsdóttur**

fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn
28. september kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir
en þeim sem vilja minnst Hjördísar er bent á
styrktarrekning barna hennar, 0549-14-405060,
kt. 300147-4109.

Ástvinir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Ingibjörg Snæbjörnsdóttir
Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík,

lést laugardaginn 24. september á Hrafnistu,
Hafnarfirði. Útförin auglýst síðar.

Elin Birna Hjörleifsdóttir Þórunn Sigurðardóttir
Jón Hjörleifsson Lisa Finnsson
Sigríður Hjördís Hjörleifsdóttir Helgi Sigurðsson
og aðrir aðstandendur. Orri Þór Ormarsson

Nýtt nám í hönnun í FG

Kennsla hófst á nýrri braut, Hönnunar- og markaðsbraut, í Fjölbraut í Garðabæ í haust. Brautinni lýkur með stúdentsprófi og hefur hún verið í undirbúningi síðustu tvö ár.

Mikill áhugi er á námsbrautinni, en með henni vill skólinn koma til móts við mikilvægi nýsköpunar og fjármála- og markaðslæsi við þróun atvinnulífsins. Lög er áhersla á góða tengingu við atvinnulífið og framhaldsnám í hönnunargreinum, meðal annars með vinnustaðaheimsóknunum, vettvangsferðum, gestafyrirlesurum og starfskynningum, en einnig í tengslum við raunhæf verkefni eins og sýningar, samkeppni og tilrauna- og þróunarvinnu. Markmiðið er að búa nemendur undir nám og störf við hinar fjölbreyttu atvinnugreinar hönnunar.



FATAHÖNNUN Nemendur læra meðal annars með því að taka þátt í sýningum.



FJÖLBREYTT NÁM Nemendur kynast því hvernig hönnun og markaðsgreinar tengjast atvinnusköpun og samfélagsþróun.

MYND/FG



Í **NOREGI** Steingerður, Sigurður og Þuríður stolt innan um forsvarsmenn hinna alþjóðlegu samtaka jarðvangs.

Katla jarðvangur í alþjóðleg samtök

Katla jarðvangur (Katla Geopark) fékk inngöngu í fyrstu tilraun í European Geoparks Network og UNESCO Global Geoparks Network á ársfundi evrópsku samtakanna sem haldinn var frá 16. til 19. þessa mánaðar í Langesund í Noregi.

Katla jarðvangur tekur til sveitarfélaganna Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps og Rangárþings eystra. Hugmyndin um stofnun hans kviknaði á vettvangi Háskólafélags Suðurlands og var hann stofnaður formlega á fundi í Vík í Mýrdal 19. nóvember 2010.

Ötullega hefur verið unnið að undirbúningi að inngöngu í hin alþjóðlegu samtök undir verkefnastjórn Ragnhildar Sveinbjarnardóttur ferðamála-

fræðings. Þar var meðal annars byggt á skýrslu og ráðgjöf Lovísu Ásbjörnsdóttur jarðfræðings.

„Þetta er magnaður árangur í ljósi þess að sumir jarðvangar hafa verið með umfangsmikla starfsemi árum saman án þess að komast inn í þetta samstarfsnet,“ segir Steingerður Hreinsdóttur frá Atvinnuþróunarfélaga Suðurlands.

Þuríður Aradóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings eystra, tekur í sama streng og telur í þessu skrefi felast ný tækifæri í ferðaþjónustu og framleiðslu afurða af svæðinu. „Við hlökkum til að takast á við krefjandi verkefni sem þessu fylgja og byggja á samvinnu margra,“ segir hún.

-gun



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,
**Aðalheiður Margrét
Guðmundsdóttir**
Holtsgötu 21, Reykjavík,

lést laugardaginn 24. september á líknardeild
Landakotsspítala. Útförin verður auglýst síðar.

Jón Helgason
Guðmundur Jónsson Ragnar Smári Ingvason
Kristín Jónsdóttir
Ægir Thorberg Jónsson
og barnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Guðrún Bjargey
Jónsdóttir**
Garðbæ, Vesturgötu 105, Akranesi,
síðast til heimilis að Höfða,

andaðist á Höfða miðvikudaginn 21. september.
Útförin fer fram frá Akranes Kirkju föstudaginn
30. september kl. 14.00.

Jónína Valdemarsdóttir Ingvar Baldursson
Sigríður K. Valdemarsdóttir Jón Helgason
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð og hlýbug við andlát og
útför okkar ástkæra,
Finns Jónssonar
verkræðings, Heiðarlundi 8, Garðabæ.

Sérstakar þakkir til Ásgerðar Sverrisdóttur og Eiríks
Jónssonar og öllu því góða fólki sem annaðist Finn í
veikindum hans. Einnig fær Lúðrasveit Reykjavíkur
kærar þakkir fyrir framlag sitt við útförina.

Þórunn Sigurðardóttir
Sigurður Finnsson Lisa Finnsson
Ólöf Finnsdóttir Helgi Sigurðsson
Guðrún Finnsdóttir Orri Þór Ormarsson
Hulda Björk Finnsdóttir Kristbjörn Búason



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýbug
við andlát og útför ástkærs eiginmanns,
föður, tengdafaðurs, afa og langafa,
Sigurðar Sigurjónssonar
Teigagerði 12.

Sérstakar þakkir til deilda 14 E-G og 11E á Landspítala
við Hringbraut fyrir góða umönnun síðustu vikunnar.
Guð blessi ykkur öll.

Guðbjörg Hjálmsdóttir
Reynir Sigurðsson Þórunn Þorsteinsdóttir
Sigurður Sigurðsson Ingibjörg J. Eiríksdóttir
Ragnar Sigurðsson Sigríður Jenný Guðmundsdóttir
Steinunn Sigurðardóttir Bjarni Vésteinsson
Sigríður Rut Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Hvítlaukur er ein öflugasta lækn-ingajurtin sem kemur beint frá náttúrunnar hendi. Hann bætir meltingu, berst á móti sýkingum og er góður fyrir hjarta og æðakerfi.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefjast 4. október 2011

BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.

SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is

GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgöngugjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgöngugjálfi, sími: 694 35 71.

ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR

Írena Líf Jónsdóttir sló öllum við í Viðeyjarsundi.

Hlífðargallar eru bara fyrir kerlingar



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

GÆÐAFISKUR
ÍSLENSK FÆÐUBÓT BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál

Söluastaðir:
10 - 11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olls, N1, Kaupfélag V- Húnavetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa Lónið, Hreyfing, Krumbúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Eirberg

Blóðþrýstingsmælir UA-767 plus 30

- Áreiðanleikaprófaður
- Einfaldur í notkun
- Nemur hjartsláttarreglu
- Minni fyrir síðustu 30 mælingar

Íslenskur leiðarvísir

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Það er svo æðislegt að geta bara synt beint áfram endalaust og þurfa ekki alltaf að vera að snúa við," segir Írena Líf Jónsdóttir, sextán ára Suðurnesjamær sem 6. september síðastliðinn gerði sér lítið fyrir og synti Viðeyjarsund ósmurð og án hlífðargalla á tímanum 1:18:07, sem er besti tími sem nokkur – kona eða karl – hefur náð ósmurður í Viðeyjarsundi.

Írena Líf hefur æft sund frá tíu ára aldri en það var ekki fyrr en í fyrrasumar sem hún byrjaði að reyna fyrir sér í sjósund-

inu. Árangurinn lét ekki á sér standa og hún er nú Íslandsmeistari í þriggja kílómetra sjósundi kvenna. „Það var alltaf markmiðið að ná besta kvennatímnum í Viðeyjarsundi," segir hún „og þegar það var hringt í mig og sagt að þetta væri besti tími sem nokkur hefði náð var það bara aukabónus, ég var eiginlega búin að taka út gleðina yfir að hafa náð markmiðinu.“ Hvers vegna syndirðu alltaf ósmurð og án hlífðargalla? „Iss, það er bara fyrir kerlingar," segir Írena Líf og fussar. „Mesta kikkið er einmitt kuldinn og að sjá svipinn á

fólki þegar maður kemur upp úr.“ Næsta markmið hjá Írenu er að synda fram og til baka frá Viðey til Reykjavíkurhafnar og aftur til Viðeyjar eða 9,2 km. Það ætlar hún að gera eins og alltaf ósmurð og eingöngu í sundbol. Auk þess stefnir Írena á að verða fyrsti Íslendingurinn sem tekst að synda yfir Ermarsund í fyrstu tilraun. „Ég ætla að reyna að ná því næsta sumar. Benedikt Hjartarson, sem er eini Íslendingurinn sem synt hefur yfir Ermarsundið, náði því í annarri tilraun þannig að mitt markmið er að slá hans árangur út.“ *fridrikab@frettabladid.is*

Stuðningsstöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir lúþjálfa, sjúkraljálfa og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gíflöft og mikla lofthæð.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.



LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland. Stuðst er við námsskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðapjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum. Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

Umsögn:
„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það ódlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni.“

Martha Jensdóttir kennari.

Ferðamálastólaskóli Íslands **Opið 8-22**

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

ÍSLENSKT HUNDANAMMI

gott í þjálfun og í leik

VINSÆL VARA

SUPERPREMIUM HUNÐANAMMI

Training treats for Dogs

Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli



Dr. Bertrand Lauth, barna- og unglingageðlæknir, varði doktorsverkefni sitt í vor en efni þess er greiningartæki geðraskana, sérstaklega sniðið að börnum og unglingum.

Skilar ítarlegri greiningu

Dr. Bertrand Lauth sérfræðingur í barna- og unglingageðlækningum varði doktorsverkefni sitt við læknadeild Háskóla Íslands í vor. Verkefnið er greiningartæki sérstaklega sniðið að börnum og unglingum.

Efni doktorsvarnar Bertrands Lauth, sérfræðings í barna- og unglingageðlækningum, sem hann varði í vor, er aðlögun og þýðing á bandarísku greiningarviðtali (K-SADS-PL) vegna lyndisraskana og geðklofa hjá grunnskólabörnum, mat á notagildi og áhrif þess að innleiða tækið yfir legugeðdeild fyrir unglinga, og mat á réttmæti á algengustu greiningum sem komu fram í úrtakinu.

Ekki hafði áður verið til slíkt greiningartæki fyrir börn og unglinga hér á landi og segir Bertrand það góða viðbót við þau greiningartæki sem hingað til hafa verið notuð.

„Það skiptir miklu máli að vanda greiningu þegar kemur að ákvörðun um meðferð hjá börnum og unglingum. Þetta tæki er ekki nóg eitt og sér en það er mikil viðbót,“ segir Bertrand. „Það nýtist bæði til ýmissa rannsókna og til ítarlegri greiningar á ADHD og ofvirkni, þunglyndi, kvíðaröskunum, áfallastreitu og átröskun hjá börnum og unglingum svo eitthvað sé nefnt.“

Greiningartækið er upp á 190 síður með stöðluðum aðferðum til greiningar geðraskana. Greinandiinn notar það bæði við að spyrja barnið eða unglinginn og foreldrana. Niðurstöðurnar eru teknar saman og leitast við að leysa vandamálin sem koma fram en iðulega er ósamræmi milli foreldrana og barnsins.

„Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var einmitt að skoða þetta ósamræmi og það sem við köllum samkvæmni milli barnanna og foreldranna. Þessar greiningaradferðir eru áreiðanlegri og hafa hlotið almenna viðurkenningu í dag bæði hjá fagaðilum og hjá rannsakendum á Íslandi.“

Greiningartækið er upphaflega bandarískt og hefur Bertrand aðlagð það að íslenskum aðstæðum. Það er nú notað af sérfræðingum hjá BUGL og af skólasálfræðingum í nokkrum skólum. Það var upphaflega innleitt árið 2002 svo komin er reynsla á notkun þess og árangur.

„Hluti rannsóknarinnar var einnig að meta notagildi og áhrif þess að innleiða svona tæki. Það kom í ljós að við greindum miklu betur meðal annars þunglyndi og sjálfsvígshugsanir hjá mörgum,“ segir Bertrand. „Það er mikið öryggi að nota þetta greiningartæki.“

Bertrand hefur starfað sem sérfræðingur í barna- og unglingageðlækningum á barna- og unglingageðdeild Landspítala-háskólasjúkrahúss frá árinu 1998. Hann starfaði í París frá 1989-1998 sem sérfræðingur á Fondation Vallée háskólasjúkrahúsi. Bertrand var stundakennari við læknadeild Háskóla Íslands frá 1998 og aðjúnkt frá árinu 2001.

heida@frettabladid.is

YOGASTÖÐIN

HEILSUBÓT

BYRJENDANÁMSKEIÐ

hefst 4. október kl. 19.35-20.45

Tímar frá morgni til kvölds

- Meðvitað yoga með Talyu og Gumma
- Yoga með Sigfríði
- Krakkayoga

Síðumúli 15 • 588-5711/691-8565
www.yogastodinheilsuobot.is

SADDUR ÁN SAMVISKUBITS

395 KCAL

Fitness Burrito

Heilhvætti tortilla, baunir, kjúklingur, sterk/mild sósa, fajitas, ferskt salsa, kál og sýrður rjómi. **1.190 kr**

385 KCAL

Hot 'nSweet salat m. kjúkling.

Iceberg, dressing, kjúklingur, kornsalsa, sweetchili sósa, nachos og sýrður rjómi (guacamole +85 kcal) **1.350 kr**

383 KCAL

Tacos m. nautahakki.

3 tacoskeljar, nautahakk, sterk/mild sósa, ferskt salsa, kál, ostur og sýrður rjómi. **1.340 kr**

Culiacan

Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is

YFIRHAFNAR-DAGAR!

15% afsláttur

B|A|S|L|E|R

Skipholti 29b • S. 551 0770

PRETTIR VÍÐSKIPTI ÍFRÓTTIR LÍFIÐ UMVEGDAN

vísir
Meiri Vísir.

Viltu breyta mataræðinu

til batnaðar á einfaldan og öfgalausán hátt?

INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.

Þriðjudaginn 4. okt. kl. 19 - 21:30
Þriðjudaginn 11. okt. kl. 19 - 21:30

ÞETTA ER EKKI FLÓKIÐ! Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.

FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:

- Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn
- Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu
- Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og þreytuköst

Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl. 19 - 21:30

Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik. Verð: 4.900 kr. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á eig@heima.is

heilsuhúsið
www.heilsuhusid.is

Ný kennslu-gögn og uppskrifta-mappa!



Húsnæðis kaup eru í flestum tilvikum stærsta fjárfesting einstaklinga og að mörgu að hyggja þegar taka skal íbúðalán.

MYND/GASSI

SAMSTARF VIÐ STOFNUN UM FJÁRMÁLALÆSI

Undanfarin ár hefur **Arion banki** staðið fyrir fræðslu-átaki og verið aðalbak hjarl Stofnunar um fjármálalæsi sem beitir sér fyrir bættu fjármálalæsi Íslendinga.



Breki Karlsson.

Breki Karlsson er forstöðumaður stofnunarinnar og stýrir fræðsluátaki Arion banka ásamt sérfræðingum bankans.

Arion banki býður viðskiptavininum sínum að sækja fræðslu- og kynningarfundum um fjölbreytileg viðfangsefni sem snerta fjármálalæsi og fjármál heimilanna. Meðal annars er fjallað almennt um fjármál, um óverðtryggt íbúðalán og heimilisbókhaldið Meniga svo fátt eitt sé nefnt. Fræðslufni, t.a.m. stutt fræðslumyndbönd, má nálgast á www.arionbanki.is/raedsla.

RÁÐGJÖF OG AÐSTOÐ Í ÚTIBÚUM

Í útibúum **Arion banka** býðst ráðgjöf og aðstoð varðandi allt sem snýr að fjármálum heimilanna, svo sem lántöku, sparnaði og fjármálaráðgjöf almennt. Á vef bankans, www.arionbanki.is, má nálgast ýmsar hagnýtar upplýsingar um lán og annað sem tengist íbúðakaupum. Til að mynda má sjá mælaborð fasteignamarkaðarins sem dregur fram ýmsar áhuga-verðar upplýsingar, eins og þróun á íbúðaverði, íbúðaverð eftir landslutum og ýmislegt fleira. Upplýsingarnar byggja á opinberum gögnum sem tekin eru saman af Datamarket.

Hvort áttu að taka óverðtryggt eða verðtryggt húsnæðislán?

Nýjung á markaðnum – óverðtryggt íbúðalán með föstum vöxtum.

Arion banki hefur frá miðjum september boðið viðskiptavinum sínum þá nýjung að geta tekið óverðtryggt íbúðalán til 25 eða 40 ára með föstum vöxtum í fimm ár. Fram til þessa hafa flest húsnæðislán verið verðtryggt og hefur takmarkað framboð af óverðtryggtum lánum oft verið gagnrýnt. Vextir nýju lánanna eru bundnir í fimm ár og í lok vaxtatímabilsins eru þeir endurskoðaðir og munu taka mið af markaðsvöxtum á þeim tíma. Ef lántaka líst ekki á þá vexti sem honum standa þá til boða, getur hann valið milli annarra kosta. Hann getur breytt láninu í verðtryggt lán, annað óverðtryggt lánsform ef það er hagstæðara, eða greitt lánið upp án

Vert er að hafa eftirfarandi atriði í huga við lántöku:

- Fáðu ráðgjöf um allar upplýsingar tengdar láninu, svo sem vexti, áætlaða greiðslubyrði, upp-greiðslugjald, lántökukostnað og svo framvegis. Tryggðu þér góða heildaryfirsýn og vertu viss um að skilja áhættu og ávinning við lánið.
- Varastu að kaupa of stóra eign eða taka of hátt lán og reisa þér þannig hurðarás um öxl.
- Skoðaðu aðra möguleika: Berðu lánið saman við önnur lán. Væri

hagkvæmt að taka lægri upphæð að láni?

- Hvaða áhrif hefur lántakan á fjárhag heimilisins og önnur fjárhagsleg markmið?

Líkt og sjá má hér er að mörgu að hyggja þegar taka skal íbúðalán og því upplagt að nýta sér þá ráðgjöf sem í boði er. Komdu í næsta útibú Arion banka og fáðu einstaklingsmiðaða ráðgjöf um það hvernig lán hentar þér.

sérstaks uppgreiðslugjalds.

Til að svara spurningunni hvort ráðlegra sé að taka óverðtryggt lán en verðtryggt þarf að mynda sér skoðun á því hvernig líkleg-

ast sé að verðbólga og vextir þróist á lánstímanum. Afar erfitt er að spá fyrir um þróun verðbólgu en gagnlegt er að leggja saman áætlaða verðbólgu og vexti verð-

tryggt láns. Ef útkoman er lægri en vextir óverðtryggt láns er að öðru óbreyttu skynsamlegt að velja verðtryggt lán. Sé útkoman hins vegar hærri getur verið skynsamlegt að velja óverðtryggt lán.

Hafa ber í huga að greiðslubyrði óverðtryggt lána er að öllu jöfnu þyngri en verðtryggt lána, en á móti kemur að eftirstöðvar óverðtryggt lánanna lækka hraðar en verðtryggt lánanna og eignamyndun er því örari.

Miklu skiptir að taka upplýsta ákvörðun um val á íbúðaláni þar sem húsnæðis kaup eru í flestum tilvikum stærsta fjárfesting einstaklinga. Því er mikilvægt að ákvörðunin sé byggð á réttum forsendum og taki mið af persónulegum þörfum hvers og eins.



Ný íbúðalán

„Enga verðtryggingu, takk.“

Tinna Björk Baldvinsdóttir, 38 ára.

Kynntu þér málið á arionbanki.is

Snjallar lausnir í bankaviðskiptum

Íslandsbanki hefur á þessu ári lagt mikla áherslu á þróun farsímalausna í bankaviðskiptum. Bankinn hefur reyndar lengi verið í fararbroddi í tækninýjungum í bankaheiminum og var fyrstur á sínum tíma til að bjóða upp á netbanka, farsímavef og fleiri netlausnir.

Í sumarbyrjun opnaði Íslandsbanki nýjan farsímavef sem styður við nýjustu gerðir snjallsíma en vöxtur í sölu slíkra tækja er gríðarlegur. Því er spáð að innan nokkurra ára muni umferð á netinu verða meiri í gegnum símtæki og spjalddölvur, eins og iPad, heldur en í gegnum hefðbundnar tölvur. „Við hjá Íslandsbanka erum mjög meðvituð um þessa þróun og viljum mæta þörfum okkar viðskiptavina sem eiga slík tæki,“ segir Sigurjón Ólafsson, deildarstjóri vefmála og netbanka hjá Íslandsbanka. „Þegar Íslandsbanki setti í loftið snjallsímaforrit eða „app“ fyrir Android og iPhone síma í ágúst sl. kom þetta berlega í ljós því strax á fyrstu tveimur vikunum voru yfir 2.000 manns búnir að sækja forritin,“ bætir hann við. Hann segir að Íslandsbanki hafi verið fyrsti bankinn á Íslandi til að bjóða upp á snjallsímaforrit og að viðskiptavinir bankans geti reglulega vænst nýjunga og nýtt snjallsímana sína enn betur í sínum bankaviðskiptum.

Meniga verður hluti af Netbanka Íslandsbanka

Íslandsbanki steig stórt skref í lok árs 2009 þegar viðskiptavinum var boðið að tengjast Meniga, heimilisbókhaldu, þeim að kostnaðarlausu í gegnum netbankann. „Við-



Sigurjón Ólafsson, deildarstjóri vefmála Íslandsbanka.

tökurnar voru hreint frábærar og þeir sem hafa verið virkir notendur kunna virkilega að meta þessa skemmtilegu og gagnlegu leið til að ná betri tökum á sínu heimilisbókhaldu,“ segir Sigurjón.

Í kjölfarið á þróunarsamstarfi við Meniga síðustu mánuði verð-

ur sú breyting að heimilisbókhaldu verður aðgengilegt innan Netbanka Íslandsbanka.

„Þarna er einum helsta þröskuldinum rutt úr vegi fyrir því að fólk nýti sér þenn-



an frábæra hugbúnað, því margir viðskiptavinir hafa sett það fyrir sig að tengjast þriðja aðila og fara út úr Netbankanum til að vinna með bókhaldu.“ En núna verður þetta allt á einum stað og Sigurjón er sann-

færður um að viðskiptavinir bankans eigi eftir að taka þessari nýjung fagnandi.

Hægt að hafa gaman af heimilisbókhaldu með Meniga

„Persónulega er ég yfir mig hrifinn af Meniga. Mig óraði ekki fyrir því að það væri hægt að hafa gaman af því að fylgjast með eigin neyslumynstri og fjármálum fjölskyldunnar,“ segir Sigurjón, spurður um hvort hann noti Meniga sjálfur. „Samanburður á eyðslu við sambærilega hópa í t.d. fatakaupum eða matarinnkaupum er bara hin ágætasta skemmtun og svo er þetta svo menntandi og stuðlar að heilbrigðari fjármálum.“

Fjármálalausnir fyrir snjallsíma er framtíðin

Þessar tvær nýjungar, þ.e. farsímalausnir og heimilisbókhaldu, sameinast svo í lok ársins þegar Íslandsbanki ætlar að bjóða viðskiptavinum að tengjast heimilisbókhaldu í gegnum farsímavefinn og snjallsímaforritin. „Þar liggur svo sannarlega framtíðin þó að hefðbundin bankaviðskipti haldi auðvitað alltaf sínum sessi. Það kemur líklega aldrei neitt í staðinn fyrir hin persónulegu samskipti sem viðskiptavinir eiga við starfsfólkið í útibúunum,“ segir Sigurjón að lokum.



● EINSTÖK STAÐA

Staða MP banka er einstök sem eini bankinn sem er að fullu í eigu lífeyrissjóða, fyrirtækja og einstaklinga og hefur enga aðstoð þegið frá yfirvöldum. Þann 11. apríl 2011 lögðu yfir 40 innlendir og erlendir fjárfestar MP banka til 5,5 milljarða í nýtt hlutfé og ný stjórn tók við. Stjórnarformaður er Þorsteinn Pálsson og forstjóri er Sigurður Atli Jónsson. Fjöldi starfsmanna er 82. Auk almennrar bankaþjónustu fyrir fólk og fyrirtæki býður MP banki einnig heildarlausnir í eignastýringu fyrir einstaklinga og fjárfesta með mismunandi áherslur. MP banki starfrækir tvö útibú ásamt netbanka og þjónustuveri; annað í Borgartúni 26 og hitt í höfuðstöðvum bankans í Ármúla 13a.

● FJÓRAR LEIÐIR Í BOÐI

Hjá MP banka eru í boði fjórar leiðir í ávöxtun séreignarsparnaðar. Ávöxtunarleið 1 fjárfestir eingöngu í ríkistrygðum skuldabréfum. Ávöxtunarleið 2 fjárfestir til helminga í ríkistrygðum skuldabréfum og innlánunum. Ávöxtunarleið 3 fjárfestir eingöngu í innlánunum, bæði verðtrygðum og óverðtrygðum. Ávöxtunarleið 4 er verðtrygður lífeyrisreikningur.

Straumurinn liggur í MP banka

Starfsfólk MP banka er önnum kafið við að taka á móti nýjum viðskiptavinum þessa dagana segir Sigríður Einarsdóttir, útibússtjóri MP banka í Ármúla.

Við eigum því láni að fagna að viðskiptavinir okkar eru ánægðir með þjónustuna og segja öðrum frá því. Þannig koma flestir til okkar af því að vinir þeirra, samstarfsfólk eða fjölskyldumeðlimir hafa góða reynslu af viðskiptum við okkur,“ segir Sigríður Einarsdóttir, útibússtjóri MP banka í Ármúla.

Að hennar sögn hefur frá upphafi verið kappkostað að veita úrvalsþjónustu í síma hjá MP banka og hefur þjónustuverið allt annað yfirbragð en fólk þekkir frá sambærilegum fyrirtækjum. „Í ljósi þess að fæstir koma í útibú þá er augljóst að símaþjónustan og netbankinn okkar skipta flesta miklu máli. Við setjum okkur því metnaðarfull markmið í að svara hratt og vel erindum viðskiptavina á tölvupósti eða síma,“ bendir Sigríður á.

Hún segir MP banka vera lítið og persónulegt fyrirtæki en bjóði alla bankaþjónustu sem fólk á að venjast. „Hvort sem það eru debetkort, kreditkort, greiðsluþjónusta og hefðbundinn yfirdráttur fyrir daglegar þarfir eða lánaþyrirgreiðsla vegna stærri ákvarðana eins og íbúðalán vegna kaupa á fasteign, lán vegna viðhalds á fasteign eða kaupa á sumarhúsi.

Þess má geta að við bjóðum bæði verðtryggt og óverðtryggt íbúðalán og höfum talsverða sérstöðu á markaðnum þar sem við setjum ekki viðskiptaskilyrði þegar viðskiptavinir taka slík lán. Jafnframt bjóðum við ein þann kost að taka hluta íbúðaláns óverðtryggt og hluta verðtryggt sem getur verið skynsamlegur kostur fyrir marga,“ segir Sigríður.

„Ég má líka til með að nefna það að hjá okkur eru innlánsvextir á launareikningum 1,7 prósent á meðan algengir innláns-



Sigríður Einarsdóttir, útibússtjóri MP banka í Ármúla, segir MP banka vera lítið og persónulegt fyrirtæki en bjóði alla þjónustu sem fólk á að venjast.

MYND/VALLI

vextir á launareikningum eru allt niður í 0,1 prósent. Okkar viðskiptavinir þurfa því ekki að hafa áhyggjur af því að peningar á launareikningi séu á slökum kjörum.“ En bankinn býður einnig óverðtryggt sparnaðarveikninga sem bundnir eru í 1, 3, 6, 12 eða 18 mánuði gegn góðum vaxtakjörum.

Hún getur þess að starfsfólk bankans taki

eftir því að fólk telji stundum mikið umstang fylgja því að færa sig til bankans. „En svo kemur flestum á óvart hversu snurðulaust þetta gengur fyrir sig, enda sjáum við um að ganga frá þessu fyrir fólk hjá gamla bankanum og látum vita hvenær má sækja ný kort. Við erum orðin þaulvön í þessu,“ segir Sigríður brosandí.

Egill Arnason™

NÚ Á SUÐURLANDSBRAUT 20

Egill Arnason ehf. hefur verið leiðandi fyrirtæki þegar kemur að gólfefnum í tugi ára.

Fremstir í gólfefnum í 76 ár

Reynsla á gólfefnamarkaði og fjöldamörg vel heppnuð verkefni bæði í heimahúsum, stofnunum og fyrirtækjum er til marks um áherslu á þau gæði sem Egill Arnason ehf. býður upp á. Það er einmitt þetta sem myndar sérstöðu á þessum markaði og verður til þess að viðskiptavinirnir koma aftur og aftur, að sjálfsögðu ánægðir með gæði vörunnar og þá þjónustu sem þeir fá.

Egill Arnason ehf. hefur verið leiðandi fyrirtæki þegar kemur að gólfefnum í tugi ára. Allan þennan tíma hefur verið byggt á fremstu framleiðendum hverju sinni frá Danmörku, Ítalíu, Spáni og Þýskalandi, en eins og margir vita eru þessar þjóðir leiðandi í framleiðslu á vönduðum vörum. Það er þessi fullkomna blanda af gæðum og verði sem hefur sett Egil Arnason ehf. í fremstu röð, segir Ásgeir Einarsson framkvæmdastjóri.

Plankaparket hefur verið mjög vinsælt undanfarin ár en einkenni þess eru að parketborðin eru mótuð úr heilum plankum og fá því veglegra,

og að því er sumum finnst, náttúrulegra útlit heldur en hefðbundið stafaparket. Egill Arnason ehf. hefur undanfarin ár tekið forystu í sölu á parketi á íslenskum gólfefnamarkaði með veglegu úrvali af plankaparketi eða yfir 80 tegundum. Allt er plankaparketið með viðurkenndri viðarlæsingu, í fullri þykkt eða 14 mm og í löngum borðum sem eru 2,2 metrar á lengd, en það skiptir miklu máli varðandi gæði og endingu vörunnar. Að sjálfsögðu er allt parket frá Agli Árnasyni með UV-lakki sem hægir á öldrun viðarins og með 30 ára ábyrgð. Fyrir flesta eru gólfefnakaup ekki reglulegur þáttur í innkaupum og því

er að mörgu að hyggja við val á gólfefnum. Það er einmitt þess vegna sem 600 fermetra sýningarsalur okkar á Suðurlandsbraut 20 er kjörinn staður til að setjast niður og velja þær prufur sem taka á með sér heim. Ef svo ólíklega vill til að ekki finnst gólf við hæfi má auðvitað breikka úrvalið með því að velja úr þúsundum tegunda sem fá má sérpantaðar. Ef viðskiptavinurinn er svo ekki með fastmótaðar hugmyndir um það sem óskað er eftir þá eru reynslumiklir sérfræðingar okkar til þjónustu reiðubúnir, hvort sem um er að ræða ráðgjöf við gólfið sjálft, viðhald eða lagningu, segir Ásgeir.

Viðskiptavinirnir eru bestu sölumennirnir

Með því að bjóða eingöngu vörur sem eru þrautreyndar á íslenskum markaði hefur tekist að byggja upp tryggan viðskiptavinahóp sem veit að gengið er að gæðunum vísun þegar kemur að vörum tengdum parketi og flísun. Ekki er svo verra að vita að í hverri viku kaupa tugir sérhæfðra iðnaðarmanna, parketlökk, parketlím, parketolíur og og parket, enda oft verið sagt að að fagmennirnir versli eingöngu þar sem verð og gæði fara saman. Það ætti því að vera auðvelt að velja hvert á að fara ef verið er að gera við gólf, bæta

við eða leggja heilu húsin með nýjum gólfefnum.

Að lokum bendir Ásgeir á að það borg sig að velja vandlega þegar verið er að velja gólfefni sem eiga að endast í tugi ára. Þess vegna sé það kjörið að spyrja fagmenn í parketlögnum hvort efnin hafi reynst vel áður en fjárfest er í nýju gólfi, með því má forðast að kaupa efni sem ekki er komin reynsla á á íslenskum markaði. Hefðbundið parket á að endast hið minnsta í 40 ár og við viljum tryggja að viðskiptavinir okkar fái vöru sem þeir eru ánægðir með, ekki bara þegar efnin er keypt heldur líka eftir 40 ár þegar tími er kominn á endurnýjun.



APAVISA-FLÍSAR FRÁ SPÁNI

Það eru fáir framleiðendur sem skara fram úr í flísaframleiðslu, en Apavisa er einn af þeim. Með úrvali af stílhreinum flísum sem eru tví-brenndar og réttskornar setur Apavisa markið hátt. Kíktu við í verslun okkar því að á næstu dögum fáum við nýja línu frá Apavisa sem setur ný viðmið í flísum. Ef ætlunin er að setja niður einstakt flísa gólf þá eru áttírhundu flísarnar frá Apavisa athyglisverðar. Þær fást í nokkrum litum og vekja eftirtekt þar sem þær hafa verið notaðar.

APAVISA
PORCELANICO

JUNCKERS FRÁ DANMÖRKU

Margir kannast við Junckers-parketið og viðhaldsvörurnar enda verið í rúma hálfu öld á Íslandi. Í verslun Egils Arnasonar færðu parketið ásamt öllum viðhaldsefnum fyrir parket. Junckers-olíur, lökk og viðhaldsefni eru notuð á þúsundum heimila og fjölmörgum stofnunum og íþróttahúsum. Margir þekkja Junckers Rustik Olíuna sem er ein besta parket- og húsgagnaolía á markaði, sú eina sem ekki hefur sjálfkveikihættu úr klútum og tuskum þegar búið er að olíubera.

JUNCKERS



Hægt er að fá tilboð í gólfefni og lagningu þeirra á stigaganga húsfélaga.



Porgeir Björnsson framkvæmdastjóri Stepps og Parkets og gólf í Ármúla.



Hægt er að fá mottur sniðnar eftir máli en gott úrval af gólfteppum er að finna í versluninni Stepp. MYND/STEFAN

Eikin alltaf vinsælust á íslensk gólf

Porgeir Björnsson, framkvæmdastjóri verslananna Stepp og Parket og gólf, segir Íslendinga varkára þegar kemur að gólfefnivali. Eikarparket haldi jafnan vinsældum sínum.

Það eru alltaf örliðlar tískusveiflur í gólfefnum sem fylgja sveiflum í bílaíðnaði og fatatísku í litum. En þó má segja að við Íslendingar séum frekar varkárir þegar kemur að vali á gólfefnum. Eik er mikið tekin í parketi því hún gengur með flestum innanstokksmunum. Gráir og drapplitaðir tónar eru líka vinsælastir í gólfteppum. Fólk kaupir frekar stakar mottur í djörfum og sterkari litum," segir Þorgeir sem stofnaði fyrirtækin árið 2000.

Stepp selur teppi og dúka og Parket og gólf selur parket, klæðningar og fleira. Einnig býður fyrirtækið upp á þjónustu við

lagningu gólfefna. „Við gerum tilboð í sameignir í fjölbýlishúsum og útvegum flestar gerðir af gólfefnum. Viðskiptavinurinn getur fengið tilboð sér að kostnaðarlausu og án skuldbindinga. Við sendum mann á staðinn sem mælir gólfhlötinn og fer yfir svæðið. Svo reiknum við út kostnað og útbúum lausn sem hentar á viðkomandi stað," útskýrir Þorgeir, en ekki henti sama gólfefnið alls staðar.

„Það er gott að geta blandað gólfefnum saman, sumstaðar passar betur að hafa parket en annars staðar passar betur að hafa teppi, til dæmis upp á hljóðeinangr-


un. Við útvegum fagaðila sem sjá um alla verkþætti. Einnig sniðum við til mottur eftir óskum viðskiptavina úr þeim efnem sem við erum með," segir Þorgeir og nefnir sísalteppi og flosteppi með löngum hárum sem vinsæl efni í mottur undanfarin ár. En er erfitt að halda mottum og teppum hreinum sem hafa löng hár? „Nei, það er ekkert mál að hirða um þau, bara renna yfir með ryksugunni," segir Þorgeir.

Í versluninni fást einnig hreinsiefni sem henta hverju gólfefni fyrir sig. Þorgeir segir parket einfaldara í þrífum. Óhreinindi og ryk felast auðveldar í teppum en með reglu-

legri ryksugun og góðum þurrhreinsiefnum er auðvelt að halda teppunum fallegum.

„Í dag eru öll teppi framleidd þannig að í þeim lifa engar örverur. Fólk velur gjarnan parket vegna þess að það er auðveldara og einfaldara í lögn. Hvaða handlaginn einstaklingur sem er getur lagt smelluparketið frá Parador, en þar sem hljóðeinangrun skiptir máli verður umhverfið allt annað þar sem teppin eru notuð.“

Meðal vörumerkja sem fást hjá Stepp og Parketi og gólfi er þýska merkið Parador, Brintons og Danska merkið Danfloor. Heimasíða verslunarinnar er www.parketoggolf.is



Þó að eikin haldi vinsældum sínum er ýmsar aðrar tegundir af parketi að finna í Parket og gólf.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlöð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmaður auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411 | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



TENGI



UNIDRAIN GÓLFNIÐURFÖLL

Unidrain er hægt að nota í öllum gerðum bygginga, þar sem flísar eru á gólfum, hvort heldur sem verið er að standsetja eða byggja nýtt, á heimilum og í opinberum byggingum. Unidrain er notað í öllum gerðum baðherbergja, í sturtuklefum, baðherbergjum með mörgum sturtum og sem niðurföll undir vöskum. Um er að ræða mjög endingargott kerfi sem er einfalt í uppsetningu, auk þess að vera mjög áreiðanlegt.

- Ryðfrí gólfniðurföll
- Unidrain er einfaldara og öruggara í uppsetningu
- Vinna við flísalögn verður auðveldari
- Vatnshalli aðeins í eina átt
- Auðvelt að þrifa
- Útkoman verður nútímalegt, sígilt og glæsilegt baðherbergi

GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

Fyrirtækið er í Ármúla 8.



MYND/GVA

Látlaust eldist oftast best

Þegar gólfefni eru keypt er fjárfest til framtíðar. Hjá Birgisson í Ármúla 8 er boðið upp á úrvalsvörur frá virtum framleiðendum.

Það borgar sig að vanda valið og velja úrvalsvörur. Látlaust og hlutlaust parket eldist oftast best,“ segir Birgir Þórarinnsson, eigandi Birgisson í Ármúla 8. Hann er búinn að vera í bransanum í yfir þrjátíu ár og veit hvað hann syngur. Nú eru synir hans komnir í slaginn með honum. „Við byggjum á mikilli reynslu og erum með umboð fyrir þekkta framleiðendur í parketi, flísam og hurðum.“ Birgir tekur fram að Birgisson leggi áherslu á að bjóða úrvalsvöru á hagstæðu verði.

Birgir hefur verið umboðsmaður fyrir sænska parketframleiðandann Kährs í 25 ár. „Búið er að selja yfir eina milljón fermetra af Kährs-parketi á Íslandi og það segir sína sögu um gæðin. Allir fagmenn þekkja það, enda hentar það vel íslenskum aðstæðum. Hér á landi eru nefnilega mjög öfuga kenndar aðstæður. Við kyndum

húsin mikið og rakastig í íbúðum getur verið mjög lágt. Þetta þurfum við að hafa í huga þegar við veljum parket.“


Eikin er langeftirsóttust í parketi og hefur verið frá upphafi, að sögn Birgis. „Markaðurinn vill náttúrulegt útlit á okkar tímum. Burstudu, hvítudu og grábæsuð eik er vinsæl núna,“ segir hann. Tekur líka fram að undirlag undir parket þurfi að vera hljóðeinangrandi, bæði til að hljóð berist ekki milli hæða og endurkastist ekki um hífýlin. „Með því að vera með gott undirlag undir parketinu verður það líka höggþolnara, því að það gefur eftir.“

Þótt Birgisson sé nýtt fyrirtæki byggir það á gömlum grunni. „Starfsmennirnir eru allir með mikla reynslu og þekkingu þannig að það er ekki komið að kofunum tómunum hér,“ segir Birgir. „Við leggjum áherslu á að veita vandaða og góða þjónustu.“



Gísli Valsson er deildarstjóri í hurðadeild.

MYND/VILHELM



Starfsmenn Birgisson eru með mikla reynslu og þekkingu.

MYND/GVA



Úrvalið er mikið í Birgisson.

MYND/VILHELM



Hvítleit eik er vinsæl núna.

MYND/VILHELM



Þorbjörn Guðmundsson í flísadeildinni.

MYND/VILHELM

STÓRAR FLÍSAM – GLÆSILEGT ÚTLIT

Notkun gólfflísa hefur aukist á seinni árum að sögn Birgis í Birgisson. „Fólk notar flísarnar með parketi, þær eru settar á fleti sem mæðir á, eins og eldhús, hol og forstofur og auðvitað á baðherbergin. Stórar flísar njóta vinsælda núna. Þær gefa „grand“ útlit,“ segir hann og nefnir flísar í stærðunum 80X80 og 45X90 og allt upp í 60X120.

Agrob-Buchtal er vinsælt vörumerki í flísam. Einnig Casa Dolce Casa sem Birgir segir arkitekta sérlega hrifna af.

„Við ráðleggjum eindregið gegnheilur gólfflísar,“ segir Birgir. „Framleiðendur eru komnir upp á gott lag með að steypa flísar sem líkjast mjög náttúrulegum steinflísam en þurfa minni meðhöndlun. Þær eru léttar í daglegum þrifum,“ segir hann og bendir á að dökk fúga sé einnig hentugri en ljós vegna þrifa. Hann segir mikilvægt að huga að rakadrægni flísa sem ætlaðar séu í sturtur. En hvaða litir eru vinsælastir? „Nú er grátt og beis algengast í gólf-flísam og hvítar veggflísar í baðherbergi í mismunandi stærðum,“ segir Birgir. „Arkitektarnir velja oftast stílhreinar flísar enda koma þær flottast út.“



Harðviðarval er með stærsta parketsýningarsal landsins að Krókhálsi 4, þar geta viðskiptavinir séð sýnishorn af öllum þeim vörum sem bjóðast.

MYND/STEFÁN

Gæði í gegn

Harðviðarval ehf. leitast við að bjóða viðskiptavinum sínum það nýjasta og besta í parketi.

Harðviðarval ehf., Krókhálsi 4, er rótgróið, íslenskt fjölskyldufyrirtæki með áratuga reynslu af sölu byggingavara. Undanfarnir tuttugu ár hefur fyrirtækið einblínt á gólfefni og býður meðal annars breitt úrval í parketi. Framkvæmdastjórinn Eggert Gottskálksson veit allt um málið.

„Við erum með allar helstu gerðir af parketi, það er viðarparket, harðparket og plastparket,“ upplýsir hann og segir ákveðnar útgáfur njóta meiri vinsælda en aðrar um þessar mundir. „Stór hluti þess fólks sem kaupir viðarparket sækist eftir eikarplanka parketi, það er mjög vinsælt, og gamaldags útliti, burstuðu, fösudu og mattlökkuðu,“ segir hann og getur þess að eikin sé sígild, enda sívinsæl þótt aðrir straumar og stefnur í viðarparketi, ljósara og dekkra parket komi og fari.

„Þeir sem kjósa þetta plankaútlit og útlit sem ef til vill er erfitt að fá í viðarparketi án þess að borga fúlgú fjár fyrir geta farið út í harðparket; til dæmis eikarútlit þar sem eikin virðist vera hvíttuð, grárri eða reykt en þá er hún aðeins brúnni en gengur og gerist.“ Eggert segir fólk þá ekki aðeins fá draumarketið á lægra verði heldur sé harðparket slitþolnara en viðarparket. „Eiginlega þarf töluvert til að það sjást á því,“ bendir hann á og bætir



„Við leggjum mikla áherslu á gæði og verslum aðeins við viðurkennda aðila,“ segir Eggert Gottskálksson, framkvæmdastjóri Harðviðarvals ehf.

MYND/STEFÁN

„Við erum með allar helstu gerðir parkets.“

við að harðparket sé því eftirsótt í Evrópu.

Hann segir plastparket vera ódýrustu gerð parkets sem Harðviðarval býður upp á. Þó sé hvergi slegið af í gæðakröfum. „Nei, enda leggjum við mikla áherslu á gæði og verslum aðeins við viðurkennda aðila,“ segir hann og nefnir í því samhengi framleiðendurna Quick

Step í Belgíu og Haro í Þýskalandi.

„Quick Step er sá gólfefnaframleiðandi sem hefur náð hvað lengst í útliti, endingu og vörubrúun í harðparketi. Parketið kemur mjög vel út, reynslan sýnir það,“ segir hann og bendir á að Haro gefi Quick Step ekkert eftir í gæðum. „Sem dæmi er parketið merkt Bláa englinum, vottorði frá Ofnæmis- og astmasamtökum Evrópu þess efnis að engin uppgufun komi frá því.“

Loks má geta þess að 1.000 fermetra sýningarsalur er að Krókhálsi 4 þar sem sýnishorn er af öllum vörum Harðviðarvals.

Gagnlegar upplýsingar

Harðviðarval heldur úti heimasíðunni www.parket.is þar sem hægt er að nálgast allar helstu upplýsingar um parketið sem fyrirtækið selur, lýsingu, myndir, verð og fleira.

Á vefsíðunni er líka sérstakur flípi merktur belgíska framleiðandanum Quick Step. Með því að smella á hann gefst notendum færi á að máta ólíkar gerðir af Quick Step parketi á gólf í sýndarherbergi.

Þá geta þeir sem hyggjast sjálfir leggja parket fengið handhægar

leiðbeiningar á vefsíðunni. Þar er fleira gagnlegt, til dæmis upplýsingar um meðhöndlun á parketi.

Loks má nefna að Harðviðarval selur fleira en parket og önnur gólfefni, til dæmis fylgiefni, hurðir, viðarpiljur, kerfisloft og fleira. Vefsíðan geymir upplýsingar um þessa vöruflokka, auk þess sem greint er frá spennandi tilboðum.

Á heimasíðu Harðviðarvals, www.parket.is er að finna upplýsingar um þær gerðir parkets sem fyrirtækið selur.



Viðarparket

Eik Universal plankar.
burstað, smellt, matt lakkað og micro fasað
Framleiðsluland: Þýskaland
Verð : 7.990.- pr m²



Viðarparket

Eik Naturmatt 3 stafa
Matt lakkað og smellt
Framleiðsluland: Þýskaland
Verð : 4.990.- pr m²



Plastparket

Eik Holm
15 ára ábyrgð
Lock connect smella, slitflokkur: 31
Verð : 2.990.- pr m²



Plastparket

Hnota Akzent
15 ára ábyrgð
Lock connect smella, slitflokkur: 31
Verð : 2.790.- pr m²



HARÐVIÐARVAL

Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími: 567 1010 | www.parket.is

Skuldir lækkaðar um rúmlega 23 milljarða

Landsbankinn greip til sérstakra úrræða fyrir skuldsett heimili í maí. Nú er orðið ljóst að þau þýða að skuldir heimila og einstaklinga við bankann munu lækka um rúmlega 23 milljarða króna.

Helgi Teitur Helgason, framkvæmdastjóri Viðskiptabanka Landsbankans, segir að úrræðin hafi verið nauðsynleg til að hraða meðferð skuldamála og einfalda úrvinnslu þeirra. Hann segir að aðgerðirnar hafi byggt á traustri fjárhagsstöðu bankans. Skuldalækkun Landsbankans sem var kynnt síðastliðið vor var þrífætt að sögn Helga; breyting á 110% leið, endurgreiðsla vaxta til skilvísra viðskiptavina og lækkun annarra skulda en fasteignaskulda.

Sjálfvirkar keyrslur til að hraða málum
„Við höfum sagt að meginmarkmið bankans hafi verið að hraða uppgjöri skuldamála heimilanna. Við teljum að úrræðin sem við kynntum síðastliðið vor hafi heppnast mjög vel og að við

Áhersla á skilvirkni

Lækkun fasteignaskulda hjá Landsbankanum, með aðlagðri 110% leiðinni, fól í sér að almennt var miðað við verðmat í stað fasteignamats áður. Með því lækkuðu skuldir meira en áður hafði verið. Í öðru lagi koma aðfarahæfar eignir almennt ekki til frádráttar eins og áður. „Með því að einfalda framkvæmd við lækkun fasteignaskulda einstaklinga vildi Landsbankinn leggja áherslu á meiri skilvirkni. Við viðurkennum fúslega að 110% leiðin var of tafsöm og það er ástæðan fyrir því að breytingar voru gerðar á henni,“ segir Helgi Teitur.

Skilvirkir viðskiptavinir fá þessa dagana endurgreidd 20% af þeim vöxtum sem þeir hafa greitt frá 31. desember 2008 til 30. apríl 2011. Helgi segir að þetta séu vel yfir 50.000 viðskiptavinir.

” Við viðurkennum fúslega að 110% leiðin var of tafsöm og það er ástæðan fyrir því að breytingar voru gerðar á henni

” **Það bendir allt til þess núna að um 1600 viðskiptavinir fái skuldir sínar lækkaðar um 3 til 4 milljarða króna með þessum hætti. Endanlegir útreikningar liggja ekki allir fyrir en þegar það verður munum við hafa samband við viðskiptavini og kynna þeim niðurstöðuna. Við stefnum að því að búið verði að kynna öllum viðskiptavinum niðurstöður umsókna þeirra í október.**“

höfum náð þessu markmiði. Ekki aðeins ná þau til yfir 50.000 viðskiptavina og skipta verulegu máli fyrir tugir þúsunda, heldur náðum við að einfalda alla vinnu og hraða henni. Í stað þess að viðskiptavinir þyrftu að sækja um endurgreiðslu vaxta og 110% leiðina buðum við þeim niðurfærslu skulda að eigin frumkvæði í sjálfvirkum keyrslum úr gagnagrunnum okkar.“

Helgi Teitur segir að með þessari aðferð hafi Landsbankinn náð til mun fleiri viðskiptavina en höfðu áður sóst eftir niðurfærslu skulda. „Við áætluðum t.d. í sambandi við 110% leiðina að aðeins helmingur þeirra sem fær lækkun skulda nú, hafi í raun sóst eftir því að eigin frumkvæði.“

„Við byrjum á því að færa endurgreiðsluna til lækkunar höfuðstóls þeirra lána sem menn hafa í bankanum, en þeir sem eru skuldlausir fá endurgreiðslu. Auðvitað fá sumir þeirra lágar upphæðir enda hafa þeir þá greitt mjög lága vexti. Þeir sem hins vegar hafa þurft að borga háa vexti, fá þá í sinn hlut umtalsverðar fjárhæðir sem koma til lækkunar skulda.“

Sértæk skuldaaðlögun of hægverk

Helgi Teitur Helgason segir að eitt af vandamálunum sem bankakerfið hafi staðið frammi fyrir hafi verið að hin Sértæka skuldaaðlögun, sem átti að vera bjarghringur margra, hafi alls ekki gengið nógu vel og í reynd mjög illa. „Þess vegna gripum við til eigin ráða og



Helgi Teitur Helgason, framkvæmdastjóri Viðskiptabanka Landsbankans, segir bankann hafa náð markmiði sínu í skuldamálaum heimilanna. MYND/LANDBANKINN

Skuldalækkun Landsbankans

	Fjöldi	Upphæð
20% vaxtaendurgreiðsla	54.182	4.400.000.000 kr
Lækkun annarra skulda	1.622	3.500.000.000 kr
Lækkun fasteignaskulda	3.517	15.200.000.000 kr
Alls	59.321	23.100.000.000 kr

kynntum það sem við köllum Lækkun annarra skulda. Þar erum við að lækka skuldir viðskiptavina sem teljast vera umfram eignastöðu og greiðslugetu þeirra, nákvæmlega eins og gert er í Sértækri skuldaaðlögun. Munurinn er sá að okkar aðferð er mun hraðvirkari og ekki nærri jafn flókin og sú leið sem fyrir var.“

Að sögn Helga getur niðurfærsla skulda, sem falla undir Lækkun annarra skulda, numið allt að fjórum milljónum króna fyrir einstaklinga og 8 millj-

ónum fyrir hjón. Lækkunin er gerð að undangengnu sjálfvirku greiðslumati. „Það bendir allt til þess að um 1600 viðskiptavinir fái skuldir sínar lækkaðar um þrjá til fjóra milljarða króna með þessum hætti. Endanlegir útreikningar liggja ekki allir fyrir en þegar það verður munum við hafa samband við viðskiptavini og kynna þeim niðurstöðuna. Við stefnum að því að búið verði að kynna öllum viðskiptavinum niðurstöður umsókna þeirra í október.“

Betri þjónusta í Vörðunni

Vörðuráðgjöf Landsbankans er alhliða fjármálaráðgjöf sem býðst Vörðufélögum án endurgjalds. Ráðgjöfin veitir heildarsýn á fjármálin og gerir kleift að móta fjárhagslega aðgerðaáætlun með skammtíma- og langtímamarkmiðum.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





LÆKKAÐU LÆKNISKOSTNAÐINN

Allir sjúkratryggðir einstaklingar eiga rétt á afsláttarkorti vegna heilbrigðisþjónustu eftir að hafa greitt ákveðna upphæð fyrir lækniþjónustu á almanaksári að undanskildum kostnaði vegna þjálfunar, lyfja og tannlækninga. Fólki á aldrinum 18 til 66 ára þarf að hafa greitt 28 þúsund krónur. Aldraðir á aldrinum 67 til 69 ára með skertan eða engan ellilífeyri fá kortið eftir greiðslu samtals 22.400 króna. Fólki á sama aldri, sem naut örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs þarf að hafa greitt 7.000. Sömu upphæð þurfa allir að hafa greitt sem eru á aldrinum 60 til 69 ára með óskertan ellilífeyri og allir komnir á átt-ræðisaldurinn. Börn yngri en 18 ára í sömu fjölskyldu þurfa að hafa greitt 8.400. Eftir að hafa greitt upphæðirnar má nálgast kortið í Réttindagátt á vef Sjúkratrygginga Íslands, sjukra.is. Flestar heilsugæslustöðvar, læknastöðvar og Landspítali senda upplýsingar um greiðslu einstaklinga sem metnar eru upp í kort til Sjúkratrygginga Íslands.

HVAÐ ER VÍSITALA?

Vísitölur eru tölulegt safn upplýsinga sem sýna þróun á gefnu tímabili. Hækki öll fyrirtæki í verði sem mynda slíka vísitölu, er talað um að markaðurinn hafi hækkað eða aukið virði sitt, þó svo að einungis sé um nokkur fyrirtæki á markaðnum að ræða hverju sinni. Dæmi um þetta er Úrvalsvísitala Verðbréfaþings Íslands, en þar hafa sjávarútvegsfyrirtæki ákveðið vægi, flutningafyrirtæki einnig og þannig mætti áfram telja. Vísitölur eru eins notaðar til að skýra verðlagsþróun og áhrif verðbólgu yfir tíma. Má nefna: framfærsluvísitölu, byggingarvísitölu, launavísitölu og lánskjaravísitölu. Þessar vísitölur sýna hlutfallslega þróun kostnaðar sem fólgin er í ákveðinni neyslu eða fjárfestingu yfir gefið tímabil. Heimild: www.sparnadur.is

Lættu okkur skemmta þér í 56 tíma á dag!

25 ára afmælisveisla Stöðvar 2 heldur áfram í allan vetur með glæsilegri dagskrá þar sem allir finna eitthvað skemmtilegt við sitt hæfi: Metnaðarfullt innlent efni, vinsælustu erlendu þættina og vandað talsett barnaefni auk meira en 200 úrvalsmynda á Stöð 2 Bío í hverjum mánuði. Og í september byrjar fjöldi nýrra þátta; ekki síst Spaugstofan og X-Factor með Simon Cowell o.fl. o.fl.

Þú færð meira peningana með áskrift að Stöð 2 því Stöð 2 Extra, Stöð 2 Bío og plúsrásirnar fylgja fritt með - svo nú getur þú valið úr um 56 klukkustundum* af frábæru sjónvarps efni á hverjum einasta sólarhring! Og Vildartilboð til áskrifenda geta sparað meira en greitt er í áskrift.

Boðgreiðslutilboð VISA
 Ef þú gerist áskrifandi og greiðir með VISA kreditkortinu færðu allt að 30% afslátt.
 10% aukafsláttur í þrjá mánuði.
 12 vinsælustu fjölvarpsstöðvarnar fylgja fritt með fyrsta mánuðinn.
 Gildir til 3. október.

ÞAD ER ÖDYRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR **BÍO BÍO EXTRA EXTRA** AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Kynntu þér lán og aðra þjónustu Íbúðalánasjóðs

- Lán til íbúðakaupa
- Lán til endurbóta og viðbygginga
- Aukalán vegna sérþarfa (skert starfsorka)
- Úrræði í greiðsluvanda

www.ils.is
 Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Mataræðið gildir alveg sjötíu prósent í þjálfun

Matardagbok.is er ný vefsíða sem Garðar Sigvaldason einkaþjálfari hefur hleypt af stokkunum. Þar býðst fólki að njóta leiðbeininga einkaþjálfarans um mataræðið í þrjátíu daga.

„Þetta er glæný nálgun sem byggist á miklu aðhaldi, eftirfylgni og persónulegri þjónustu.“ segir Garðar Sigvaldason einkaþjálfari sem nýverið setti í loftið vefsíðuna www.matardagbok.is, sem er fyrsti vefur sinnar tegundar á Íslandi. „Þetta er það sem lengi hefur vantað. Það hafa allir lagt mikið upp úr þjálfunarþrógrömmunum en minna upp úr mataræðinu.“ heldur hann áfram. „Sem er undarlegt þar sem mataræðið gildir um það bil 70 prósent í þjálfuninni. Það eru allir að leita að hinu fullkomna æfingaráhrifum, sem auðvitað er ekki til, en það gagnast voða lítið að æfa tvisvar á dag ef mataræðið er ekki í lagi.“

Hvernig virkar matardagbok.is í framkvæmd? „Í upphafi kemur fólk til mín í mælingar, ummálmælingar, vigtun og fitumælingar, og að því loknu legg ég fram viðmiðunarmatseðil. Eftir það sendir fólk mér matardagbók daglega í 30 daga og ég svara á hverjum degi, þannig að eftir þrjá til fimm daga er mataræðið yfirleitt orðið bara nokkuð gott hjá fólki. Þetta er miklu meira aðhald en áður hefur tíðkast því matseðillinn er leiðréttur á 15 til 25 tíma fresti í þrjátíu daga.“



Nýja vefsíðan býður upp á meira aðhald, eftirfylgni og persónulegri þjónustu en áður hefur tíðkast, segir Garðar Sigvaldason einkaþjálfari. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Garðar segir viðbrögðin við síðunni hafa verið frábær. „Fólk er að missa frá tíu upp í 50 kíló á tiltölulega skömmum tíma. Til dæmis missti einn drengur 40 kíló á 15 vikum hjá mér eingöngu með matardagbókinni. Og það allra besta er að fólk getur búið hvar sem er innan- eða utanlands og samt notið

þjónustunnar. Ég er með fólk úti um allt land og erlendis líka sem sér um mælingar fyrir mig, þannig að það er ekki vandamál. Stór hópur viðskiptavina minna eru flugmenn, flugfreyjur og sjómenn, sem með öðrum þrógrömmum hafa átt erfitt með að láta mæla sig reglulega.“ fridikab@frettabladid.is



Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin

TT
námskeið

Viltu ná kjörþyngd og komast í form?

Ný námskeið að hefjast innritun á fullu í síma 5813730

NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

TT-námskeið hefjast 9. október

TT tímar í boði:			
6:15	A	mánu-, miðviku- og föstudagar	
7:20	C	mánu-, miðviku- og föstudagar	
10:15	D	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun
12:05	F	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun
14:20	G	mánu-, miðviku- og föstudagar	
16:40	H	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun
17:40	I	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun
18:40	J	mánudagar kl. 18:40, miðviku- og fimmtudagar kl. 18:25	
18:25	TT3	Mánudagar kl. 18:25 og miðvikudagar kl. 19:25 - (16-25 ára)	

Við töpum samtals um **1 TONNI** af fitu á hverju TT- námskeiði og bætum þann missi með frábæru formi og hreysti

Fundur fyrir alla TT flokka sunnudaginn 9. október kl. 16:30

15% afsláttur fyrir þær konur sem halda áfram!

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT

JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin

HotYoga



Ný námskeið að hefjast, innritun í síma 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Farið í gegnum röð af yogastöðum í heitum sal. Teygjanleiki vöðvanna aukinn, mikill sviti og vellíðan.

6 vikna námskeið - Þriðjudaga kl 18:30 og föstudaga kl 16:30. Kennari: Gyða Kristinsdóttir.

Verð kr. 14.900.

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT

JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin

60 PLÚS

Líkamsrækt á rólegri nútunum Ný námskeið að hefjast, innritun í síma 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Sérniðin líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri. Rólegri yfirferð, sérválin tónlist og skemmtileg stemning. Myndast hefur einstaklega góður andi og vinskapur í þessum tímum.

9 eða 18 vikna námskeið - Mánudaga og miðvikudaga kl 9:30 eða þriðjudaga og fimmtudaga kl 9:30

Verð kr. 19.900

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT

JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin

BM MÓTUN

BM Mótun - Æfingakerfi Báru Magnúsdóttur Ný námskeið að hefjast, innritun í síma 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Í BM Mótun er aðaláherslan lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Upphitun í tækjasal 20 mín., mótun 40 mín. Aðeins 15 í hóp. Hentar öllum aldursflokkum.

6 vikna námskeið - Mánudaga og miðvikudaga kl 16:40 / Þriðjudaga og fimmtudaga kl 10:30. Kennari: Báru Magnúsdóttir.

Verð kr. 19.900.

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT

JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

Velkomin í **LIFANDI** markað!

Maður Lifandi hefur fengið nýja
ásýnd og nafn - **LIFANDI** markaður.

Við seljum eingöngu vörur úr
góðum hráefnum án óæskilegra
fyllingar- og aukefna. **Lífrænar** vörur
eru að sjálfsögðu í miklum meirihluta.

Komdu og upplifðu allt öðruvísi
matvöruverslun og **veitingastað**
fyrir þá sem vilja **lifa vel**.

www.lifandimarkadur.is

Borgartúni 24 | Hæðasmára 6 | Hafnarborg

LIFANDI

M A R K A Ð U R

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. hvetja, 6. kúgun, 8. dorma, 9. lítið býli, 11. gangflötur, 12. brestir, 14. skýli, 16. persónufornafn, 17. rell, 18. næra, 20. ónefndur, 21. útungun.


LÓÐRÉTT

1. að lokum, 3. í röð, 4. andlegt þróttleysi, 5. kraftur, 7. ræðismaður, 10. verkur, 13. farvegur, 15. dugnaður, 16. ris, 19. samtök.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. örna, 6. ok, 8. sef, 9. kot, 11. íl, 12. snark, 14. skáli, 16. þú, 17. súð, 18. ala, 20. nn, 21. klak.
LÓÐRÉTT: 1. loks, 3. rs, 4. veiklun, 5. all, 7. konsull, 10. tak, 13. rás, 15. tóni, 16. þak, 19. aa.

Kemst þú á forsiðu helgarblaðs Fréttablaðsins?



Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins og þú átt möguleika á því að komast á forsiðu næsta helgarblaðs og vinna verðlaun. Þema myndarinnar er „Fólk um haust“.

Besta myndin verður á forsiðu helgarblaðs Fréttablaðsins laugardaginn 1. október.

Myndir má senda inn til hádegis miðvikudaginn 28. september. Hver ljósmyndari má senda eina mynd inn, fyrsta myndin gildir. Sent er á netfangið: ljosmyndakeppni@frettabladid.is

Verðlaun fyrir bestu myndina eru leikhúsmiðar fyrir 6 manns í Borgarleikhúsið. Verðlaun fyrir annað og þriðja sætið eru leikhúsmiðar í Borgarleikhúsið fyrir tvo.

REGLUR

Samkeppnin stendur frá morgni 23. september til klukkan tólf á hádegi þann 28. september. Hver þátttakandi má bara senda eina mynd inn. Óheimilt er að senda inn eða eigna sér ljósmyndir sem eru teknar af öðrum en sendanda. Myndirnar skulu hafa verið teknar nú í haust. Áskilinn er réttur til að hafna hvaða mynd sem er og til að breyta fyrirsögn og myndatexta í birtingu hennar, jafnframt er áskilinn réttur til birtingar myndar á forsiðu blaðsins. Innsendar myndir eru eign höfundar, en Fréttablaðinu og Vísir.is er heimilt að birta þær í tengslum við keppnina og í kjölfar hennar svo fremi sem höfundarnafn sé tiltekið. Tekið er við myndum í netfanginu ljosmyndasamkeppni@frettabladid.is og skulu þær vera í nægilegri upplausn til að birta í blaðinu. Myndinni þarf að fylgja nafn höfundar og upplýsingar um heimilisfang, netfang og símanúmer.



Allt sem þú þarft

Jón og Reverend John

BAKPANKAR Kolbeins Óttarssonar Proppé

Tjáningarfrelsið er á meðal mikilvægustu réttinda sem mannkynið hefur viðurkennt. Það að geta tjáð skoðun sína er einn af hornsteinum síðaðra samfélaga. Viða er tjáningarfrelsinu settar einhverjar skorður er lúta að meiyrdum eða öðru því sem skerðir rétt annarra, þó þeir séu til sem trúa því að frelsi til að tjá skoðanir sínar eigi að vera öllu öðru æðra.

ÞINGHOLTIN eru eftirsóttur staður og komast færri í það hverfi en vilja. Húsnæði er þar dýrt og margir um hituna þegar íbúðir losna. Svo er þröngt um hús og götur þar að kvaðir byggingarreglugerðar um bílastæði per hús gilda ekki í því hverfi. Þingholtin byggðust líka fyrir slíkar reglugerðir, þar ægir saman húsam af allskyns gerðum og þröngt mega sáttr sitja.

Á LAUFÁSVEGI er til húsa stofnun sem sjaldan situr á sárs höfði. Reglulega berast fregnir af deilum fulltrúa hennar við nággranna, sem þykir stofnunin heldur frek til fjörsins – og ekki síst plássins. Þar á bæ tóku menn upp á því fyrir nokkrum árum að koma risastórum blómakerjum fyrir á bílastæðum á Laufásveginum. Nággranna og vegfarendur rak í rogastans þegar nokkur af fáum bílastæðum götunnar hýstu nú stepukumbalda í stað bifreiðanna.

Ekki var það garðræktaráhugi sem rak húsráðendur að Laufásvegi 21 til verksins; kerin voru beinlínis sett til að takmarka umferð við bandaríska sendiráðið.

ÞVÍ ER þetta rifjað upp að fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur er mál ákærvaldsins á hendur ungunum Reykíkingi. Sá hefur sér það til saka unnið að standa á gangstétt við Laufásveg með skilti. Maðurinn stóð á gangstétt í miðborg Reykjavíkur og fann hugsunum sínum tjáningarform; á skiltinu var að finna boðskap um frið.

SENDIRÁÐSMÖNNUM bandarískum hugnaðist ekki mótmælin. Hvort það var boðskapurinn eða sú staðreynd að þeir hafa slegið eign sinni á gangstétt í eigu Reykjavíkurborgar skal ósagt látið, líklega hafði hvort tveggja áhrif. Lögreglan spilaði með, maðurinn var handtekinn og nú er þetta mál fyrir dómi. Fyrir í mánuðinum var frávisunarkröfu í málinu hafnað. Í síðustu viku stóð fjöldi manns á sama bletti með sín skilti, án þess að lögreglan skipti sér af, hverju sem það sætir.

ÞAÐ ER sorglegt að fótumtroðning bandarískra yfirvalda á tjáningarfrelsinu skuli hljóta þennan hljómgrunn í íslensku réttarkerfi. Fyrir því eiga allir að vera jafnir, bæði Jónar landsins og séra Jónar. Einnig voldug ríki sem láta eins og þau eigi heiminn.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



58.12345

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

MIDSTÆRÐ AF PIZZU

MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM Á 1000 KR LEF ÞÚ SÆKUR

dominos.is



Athugið að í kvöld
þriðjudaginn 27. sept.
loka allar verslanir
Domino's kl. 21 vegna
starfsmanna-
fagnaðar.





HANGANDI SKÚLPTÚRAR Í SKÓSTÆRÐ nefnist sýning sem nú stendur yfir í Menningarhúsinu Hofi, þar sem sjá má verk eftir 33 ólíka myndlistarmenn. Listamennirnir eru flestir búsettir á Akureyri og tilheyra Myndlistarfélaginu á Akureyri. Sýningin stendur til 19. október.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 27. september

→ Fundir

20.00 Kynningarfundur Hörpu Power-talk verður haldinn í Grensáskirkju. Allir velkomnir

→ Kvikmyndahátíð

16.00 Málþing á vegum kvikmyndahátíðarinnar RIFF um stöðu og samkeppnishæfi íslenskrar kvikmyndagerðar í skugga niðurskurðar og efnahagsþrenginga. Mál-

þingið er haldið í Norræna húsinu. Þátttakendur eru fulltrúar íslenska ríkisins og þungavigtarfolki úr kvikmyndaiðnaðinum.

20.00 Hrafn Gunnlaugsson, Ásgeir Kolbeinsson, og Hugleikur og Úlfhildur Dagsbörn bjóða gestum að horfa á uppáhaldskvikmyndina sína á heimilum sínum. Aðgangseyrir á hverja mynd er kr. 1.100. Frekari upplýsingar á riff.is.

21.00 Stuttmyndir eftir óháða kvikmyndagerðarmanninn Vincent Moon verða sýndar á Bakkusi. Kvikmyndahátíðin RIFF stendur að baki viðburðinum. Myndirnar voru teknar upp í fyrra í Reykjavík og eru af ýmsu íslensku listafólki. Aðgangur er ókeypis.

→ Tónleikar

12.15 Hádegistónleikar í Hafnarfjarðarkirkju. Guðný Einarsdóttir, kantor Fella- og Hólabakkakirkju, flytur orgeltónlist. Aðgangur er ókeypis.

20.00 Útgáfutónleikar Felix Bergssonar í Salnum í Kópavogi. Miðaverð er kr. 3.000.

20.30 Tónleikar í tónleikaröðinni Kaffi, kökur, rokk og ról eru haldnir í Eðrúhóllinni, Efstaleiti 7, þekkt sem Vonarhús SÁÁ. Agent Fresco og Mammút koma fram. Kaffi og kökur á boðstólum. Aðgangseyrir er kr. 500.

→ Umræður

20.00 Hitt Feminístafélags Íslands verður haldið í Friðarhúsinu á horni Snorrabrautar og Njálsgötu. Umræðuefnið verður vændi á Íslandi, framboð þess og eftirspurn. Allir velkomnir.

→ Tónlist

22.00 HalliValli þeytir skífum á Kaffibarnum.

22.00 DJ Blús spilar á Prikinu.

→ Útivist

Korpúlfarnir, samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir sundleikfimi í Grafarvogssundlaug.

Hádegistónleikar í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45


ENGINN AÐGANGSEYRIR ALLIR VELKOMNIR

Listrænn stjórnandi
Cerrit Schuil

LJÁÐU OKKUR EYRA



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK



MELLI Viðfangsefni Sigurðar sýndi mikið hugrekki meðan á krabbameinsmeðferðinni stóð, að sögn ljósmyndarans.



MEÐFERÐ Sigurður segir að sumum þyki myndirnar af Mella sláandi.

Brotakennd sýn á meðferð

Ljósmyndarinn Sigurður Gunnarsson opnar sýningu sína, Melli, í Populus tremula á Akureyri á laugar- dag. Viðfangsefnið er vinur ljósmyndarans sem gekkst undir krabbameinsmeðferð.



SIGURÐUR GUNNARSSON

„Það má segja að myndirnar á sýningunni séu mín brotakennda sýn á meðferðina sem Melli gekkst undir og það sem fyrir augu bar á þeim tíma. Sýningin segir ekki heilsteypa sögu, enda er það ekki eðli ljósmynda,“ segir ljósmyndarinn Sigurður Gunnarsson. Hann opnar sína fimmtu einkasýningu í menningarmiðjunni Populus tremula á Akureyri næsta laugardag, 1. október, og stendur sýningin yfir þá helgi eingöngu.

Sýningin heitir Melli, en það er gælunafn viðfangsefnisins, Hrafnkels Brynjarssonar, vinar ljósmyndarans. Vorið 2006 fór Melli í lyfjameðferð eftir að hafa greinst

með krabbamein í eista og fékk Sigurður leyfi til að fylgja honum í gegnum meðferðina. „Á þessum tíma var ég í ljósmyndanámi og á höttunum eftir áhugaverðum hlutum til að mynda. Mella, sem er hústökumaður og pönkari sem býr núna í Berlín eftir að hafa læknað sig frá krabbameininu, hafði ég kynnst á ferðalagi á Kúbu og hann tók strax vel í þetta,“ segir Sigurður og bætir við að Melli hafi sýnt mikið hugrekki meðan á meðferðinni stóð.

„Það sést vel á myndunum hversu rólegur hann var. Það hvarflaði ekki að honum að biðja um samúð heldur hélt hann sínu striki, reykti sínar sigarettur og svaf á sófanum hjá vini sínum. Þess vegna finnst mér sjálfum

myndirnar alls ekki sláandi, en sumum finnst erfitt að horfa á þær. Ég ætlaði að sýna myndirnar á sýningu í Frakklandi, en þar var efnið talið of svakalegt. Myndir af Mella reykjandi, nöktum og veikum þóttu of þungar,“ segir Sigurður, en næsta sýning hans býr í Frakklandi og eyða hjónin töluverðum tíma þar í landi.

Sigurður útskrifaðist frá Ljósmyndaskóla Sissu árið 2006 og hefur síðan starfað sem aðstoðarmaður ýmissa ljósmyndara og sjálfstætt starfandi blaðaljósmyndari, auk þess að vinna að eigin verkefnum. Hann hefur meðal annars sýnt portrettmyndir á Mokka, haldið sýningar á Þjóðminjasafninu og í Frakklandi, og næsta sýning hans verður í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í febrúar. „Þar mun ég sýna myndir af strætóskýlum á höfuðborgarsvæðinu, eins konar formgerðarflokkun á þeim,“ segir Sigurður.

kjartan@frettabladid.is

MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU:

Er ný kreppa að skella á?

Úttekt um stöðu heimshagkerfisins.

Hvað er að fréttastjóði Bjarkar Guðmundsdóttur?



MARKAÐURINN KEMUR ÚT Á MORGUN



Allt sem þú þarft

Sagan endalaus

Bækur ★★

Frönsk svíta

Irène Némirovsky

JPV-útgáfa

Fáir atburðir í veraldarsögunni hafa orðið uppspretta fleiri skáldsagna og kvikmynda en síðari heimsstyrjöldin. Flest af því var þó skrifað löngu eftir að styrjöldinni lauk, sigurvegararnir voru kunnir og allir vissu hvoru megin samúðin átti að liggja. Slíkri sögulegri yfirsýn er ekki fyrir að fara í Frönsk svítu eftir Irène Némirovsky. Sagan er skrifuð á sama tíma og atburðirnir gerast og höfundurinn lifði það ekki að sjá endalok stríðsins, var tekin af lífi í Auschwitz árið 1942.

Í þessari nánd liggja bæði styrkur og veikleikar sögunnar. Némirovsky er ekki að fegra neitt, lýsir fádæma vel ofsahræðslunni sem grípur Parísarbúa þegar þýski herinn nálgast borgina og eigin-girninni sem verður ríkjandi afl á flóttanum.

Sagan skiptist í tvo hluta. Sá fyrri, Júnístormur, segir frá flóttanum frá París, hörmungunum á leiðinni og afturkomunni til borgarinnar, sem þrátt fyrir hernám- ið hefur sáralítið breyst og hefði verið mun öruggari staður fyrir persónurnar en öngþveitir úti á þjóðvegnum. Seinni hlutinn, Blíða, lýsir hersetu Þjóðverja í

litlu þorpi, samskiptum þeirra við íbúana og að lokum brottför til Rússlands.

Allt er þetta vel gert, skrifað í stíl rússneskra nítjándu aldar- skáldsagna, enda Tolstoj helsta fyrirmynd Némirovsky og hugmynd hennar sú að Frönsk svíta yrði Stríð og friður tuttugustu aldarinnar, eins og kemur fram í nótum hennar sem prentaðar eru sem viðauki við bókina, ásamt bréfum sem varða handtöku hennar og leit eiginmanns og útgefanda að henni eftir að hún er flutt í fanga- búðirnar. Hún hugsaði verkið sem fimm binda verk, en vannst ekki tími til að ljúka nema þessum tveimur. Og þar stendur hnifurinn í kúnni. Frönsk svíta eins og hún birtist okkur í þessari útgáfu er hálfkarað verk. Hlutarnir tveir aðeins upptakturinn að því mikla synfóníska meistaraverki sem Némirovsky hafði hugsað sér að skrifa. Að lestri loknum stendur lesandinn uppi með ótal spurning-

ar og engar lausnir eins og leik- hús-gestur sem sendur hefur verið heim eftir tvo fyrstu þættina af Hamlet.



Sagan í kringum bókina er að mörgu leyti mun merki- legri en bókin sjálf, enda ekki oft sem gamla klisjan um að handrit brenni ekki fær svo rækilega staðfestingu. Og mikill fengur að formálanum, sem rekur lífshlaup Némirovsky í grófum dráttum og síðan sögu handritsins, og viðaukunum tveimur sem áður eru nefndir. Án þeirrar sögu væri

Frönsk svíta sennilega hvorki fugl né fiskur og hefði varla hlotið náð fyrir augum útgefanda hefði hún verið skrifuð í dag.

Fríðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Vel skrifaðar og næmar lýsingar á hernámi Þjóðverja í Frakklandi í seinni heimsstyrjöld. Verkið er þó aðeins hálfkarað og tæplega það og skilur lesandann eftir í lausu lofti.

15%
AFMÆLIS
AFSLÁTTUR



15% AFSLÁTTUR AF ÖLLU!

Í tilefni af 15 ára afmæli Apóteksins
veitum við 15% afslátt af öllum vörum og
lyfjum í tvo daga, 27. og 28. september.

LÆGRA LYFJAVERÐ Í 15 ÁR

 **Apótekið**
– einfalt og ódýrt

Spönginni • Hólagarði • Skeifunni • Setbergi • Akureyri • www.apotekid.is



7 PRÍVÍDDARÚTGÁFAN af teiknimyndinni The Lion King frá árinu 1994 hefur halað inn rúma sjö milljarða króna í miðasölu vestanhafs síðan hún var frumsýnd fyrir tveimur vikum.



TERRA NOVA Sýndur hér á landi skömmu eftir frumsýningu vestanhafs.

Spielberg beint í æð

Nýr þáttur úr smiðju Stevens Spielberg fer í loftið á Stöð 2 í kvöld. Um er að ræða þáttinn Terra Nova sem er sagður einn sá dýrasti sem framleiddur hefur verið. Athygli vekur að sami þáttur var sýndur vestanhafs í gærkvöldi og því líður ekki sólarhringur þar til þátturinn berst til Íslands. Íslenskir sjónvarpsáhorfendur hafa mátt venjast því að sjónvarpsþættir séu sýndir vikum, mánuðum eða jafnvel árum eftir

frumsýningu úti í heimi og því er þetta ánægjuleg þróun.

Samkvæmt upplýsingum frá Skarphéðni Guðmundssyni, dagskrárstjóra Stöðvar 2, er þetta í fyrsta sinn sem íslensk sjónvarpsstöð frumsýnir leikinn erlendan þátt innan sólarhrings eftir að hann er frumsýndur í Bandaríkjunum. Skarphéðinn segir jafnframt að Stöð 2 sýni X-Factor einungis degi á eftir sýningu þáttanna í Bandaríkjunum.



GOTT SAMSTARF Valgeir er mjög ánægður með samstarf sitt með kanadíska söngkonunni Feist.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vill vinna aftur með Feist

Valgeir Sigurðsson var einn af upptökustjórum á nýrri plötu Feist. Hann getur vel hugsað sér að vinna aftur með þessari kanadíska tónlistarkonu.

Tónlistarmaðurinn og upptökustjórinn Valgeir Sigurðsson segist vel geta hugsað sér að starfa aftur með kanadíska tónlistarkonunni Feist. Þau unnu saman að nýrri plötu hennar, Metals, sem kemur út í næstu viku.

„Ég flaug til Kanada til að hitta hana. Við náðum vel saman og það var ákveðið að kýla á það,“ segir Valgeir um samstarfið við Feist. Tónlistarkonan sló í gegn með síðustu plötu sinni, The Reminder, sem fékk fimm Grammy-tilnefningar. Hún hefur einnig getið sér gott orð sem liðsmaður hljómsveitarinnar Broken Social Scene.

Valgeir, sem hefur unnið með

Björk og Bonnie Prince Billy, fór fyrst til Kaliforníu og tók þar upp með Feist og tveimur upptökustjórum, sem eru einnig með henni í hljómsveit. Eftir það kom Feist tvisvar hingað til lands og tók upp í Gróðurhúsinu í tvær til þrjár vikur í senn.

„Ég kom að plötunni sem nýi maðurinn með aðra sýn á þetta sem þau voru að gera. Hún hafði unnið með hinum tveimur á síðustu plötum líka. Hún vildi fá einn sem væri ekki að spila með henni og væri að stjórna hinum megin frá. Þetta var virkilega gaman og það gekk mjög vel í öllu upptökuférlinu,“ segir Valgeir. Reyndar þótti honum full margir vera

með puttana í eftirvinnslnunni og voru skoðanirnar margar á köflum. Allt kom þetta þó vel út í lokin og aðspurður telur Valgeir plötuna vera frábæra. „Hún er kannski þyngr en sú síðasta. Hún er miklu meiri þrívídd, bæði í lagasmíðum og „sandi“ og ýmsum þælingum. Hún er ekki eins auðmelt á köflum en barna eru gríðarlega flott lög.“

Valgeir segist hafa rætt við Feist um áframhaldandi samstarf. Það eigi þó eftir að koma ljós hvort af því verður en hann er opinn fyrir öllu.

„Við ræddum um að það væri gaman að taka upp einhverja andstöðu við þessa plötu, eitthvað gríðarlega einfalt. Hún sendi mér demó sem voru með kassagítar. Þau eru gríðarlega flott líka. Mér finnst hún njóta sín mjög vel líka í einhverjum súper einfaldleika.“

frey@frettabladid.is



GAMLA BÍO LEIKHUS

TILBOÐ TIL N1 KORTHAFNA



N1 korthöfum býðst nú frábært tilboð - **20% afsláttur** af miðaverði á gamanleikinn Hjónabandsælu í Gamla bíói, laugardaginn 8. október nk. kl. 20 - meðan húsrúm leyfir.

Bókaðu skemmtilegt leikhúskvöld á sérstöku korthafatilboði á n1.is

Gamalt lag Quarashi grafið upp

„Þetta er típískt Quarashi-lag frá þessum tíma,“ segir Sölvi Blöndal, forsprakki hljómsveitarinnar Quarashi.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardag kemur þriggja diska safnpakki með bestu lögum Quarashi út um miðjan október. Við undirbúning útgáfunnar grófu Sölvi og félagar upp gamalt lag sem hægt verður að hlusta á á Facebook-síðu sveitarinnar frá og með deginum í dag. Lagið kallast Beat Em og var tekið upp í Bandaríkjunum árið 2000. Það komst ekki á plötuna Jinx og féll í gleymsk-

unnar dá í kjölfarið. Um er að ræða hressilegt rapprokk þar sem rapparnir Ómar Swarez, Steini og Hössi láta til sín taka.

Safnpakki Quarashi kallast Anthology og er

þrefaldur eins og áður segir. Á fyrsta disknum verða ríflega tuttugu af vinsælustu lögum bandsins og seinni hljóddiskurinn hefur meðal annars að geyma endurhljóðblandanir og áður ótíðni efnir. Þriðji diskurinn er mynddiskur með myndböndum og ýmsum tónleikaupptökum, meðal annars frá Bestu útihátíðinni og lokatónleikum Quarashi í kjölfarið.

QUARASHI Gamalt lag var grafið upp úr hirslum Sölva Blöndal fyrir útgáfu safnplötu sveitarinnar.



30% AFSLÁTTUR AF ALLRI LUNUNNI

Heilnæmar vörur fyrir viðkvæma húð

TILBOÐ MÁNAÐARINS

DANATEKT

30% AFSLÁTTUR

TILBOÐIÐ GILDIR ÚT SEPTEMBER

Apótekið
-einfalt og ódýrt

Spönginni • Hólagarði • Skeifunni • Akureyri • Setbergi • www.apotekid.is

Matreiðslubók

sem gaman er að skoða og allir geta eldað úr!



Þessi glæsilega bók er komin í verlanir!



Kátari

Mikilvægasta máltíð dagsins.

Rannsóknir sýna að þeir sem hefja daginn á að borða morgunmat ná betri árangri í námi og starfi og eiga auðveldara með að halda þyngdinni í skefjum en þeir sem sleppa morgunmatnum. Morgunverðurinn þarf samt ekki að vera margbrotinn eða flókinn málsverður.



Kraftmeiri krakkar.

Cheerios er trefjaríkt, sykurlítið morgunkorn, unnið úr heilum höfrum, hlaðið kolvetnum, orku og uppbyggjandi hollustu fyrir lítið fólk sem er að vaxa. Í hverri skeið eru mikilvæg næringarefni, 14 fjörefni og steinefni, og við foreldrar vitum að börn, sem borða hollan mat, verða sprækari, hreyfa sig meira og dafna betur.



Til hamingju meistararar

Eimskip óskar KR hjartanlega til hamingju með 25. Íslandsmeistaratitil sinn í knattspyrnu. Tvöfaldur meistaratitill KR-inga í sumar er einstakt afrek, bikarmeistarar og Íslandsmeistarar á sama tímabili!

Eimskipafélag Íslands styður íslenska knattspyrnu með rífandi stolti og það forvarnargildi sem hún hefur fyrir íslenska æsku.



EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 21.50

Terra Nova

Glæný og spennandi ævintýrabátta-röð úr smíðju Stevens Spielberg. Þættirnir fjalla um fjölskyldu sem fær að taka þátt í tilraun til að bjarga mannkyninu. Þættirnir eru sýndir innan við sólarhring eftir frumsýningu þeirra í Bandaríkjunum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfreginir 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfreginir 10.13 Þjóðlagahátíðin á Siglufirði 2011 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfreginir 12.50 Dánarfreginir 13.00 Fyr og nú 14.00 Fréttir 14.03 Að horfa á tónlist 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Kvinnagullíð í grútarbræðslunni 15.25 Málstofan 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Viðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfreginir 18.53 Dánarfreginir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Í heyranda hljóði 21.20 Trío 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfreginir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Fimm fjórðu 23.05 Stimpklukkan 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

11.40 ,Allo ,Allo! 12.20 ,Allo ,Allo! 12.55 The Inspector Lynley Mysteries 13.40 The Inspector Lynley Mysteries 14.25 Keeping Up Appearances 14.55 Keeping Up Appearances 15.25 ,Allo ,Allo! 16.00 ,Allo ,Allo! 16.40 Fawcety Towers 17.10 Fawcety Towers 17.35 The Inspector Lynley Mysteries 18.25 The Inspector Lynley Mysteries 19.10 Top Gear 20.00 The Graham Norton Show 20.50 QI 21.20 Gavin & Stacey 21.50 My Family 22.20 Top Gear 23.10 The Graham Norton Show 23.55 QI 00.25 Gavin & Stacey 00.55 My Family

DR 1

11.35 Aftershowet 12.30 Fuld af ungdom 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Kommissær Wycliffe 14.00 Benjamin Bjørn 14.30 Lille Nard 15.00 Himmelblå 15.50 DR Update - nyheder og vejr 16.00 Vores Liv: Skattejægerne 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftershowet 18.00 Hammerslag 18.30 Bonderøven 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 SportNyt 2011 - WHATS ON 20.00 Wallander 21.30 Borgen 04.00 Molly Monster 04.05 Chiro 04.10 Hubert 04.20 Humf 04.35 Carsten og Gittes Vennevilla 04.50 Oliva

NK 1

12.30 Prinsesse Märtha Louise - midt i livet 13.00 Nyheter 13.10 Dallas 14.00 Nyheter 14.10 Matador 14.50 Kystlandskap i fugleperspektiv 15.00 Nyheter 15.10 Dyrisk 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Færkveid 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.45 Ut i naturen. Magasin 18.15 Folk 18.45 Extra-trekning 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Brennpunkt 20.30 Folk i farta 21.00 Kveldsnytt 21.15 Lydverket 21.45 Elskerinner 22.45 Lindell: Slangebæreren

svt1

11.15 Skavlan 12.20 En förtjusande fröken 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.30 Barn till varje pris? 15.30 Sverige idag 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport 18.00 Vem tror du att du är? 19.00 Landet Brunsås 19.30 Hübinette 20.00 Dox 21.50 Stulen identitet 22.40 Rapport 22.45 Ildåd planeras 00.25 Rapport 00.30 En andra chans 01.00 Tack för musiken 02.00 Rapport 02.05 Ont blod 02.50 Sverige idag

Internet hjá Símanum

Þú getur fylgst með netnotkuninni og breytt áskriftinni með einum músarsmelli

Áskriftarleiðir Símans eru hraðar og öruggar. Netvarinn fylgir með þeim öllum og möguleiki á Sjónum Símans. Hringdu núna í 800 7000 og veldu þína leið.

Viltu miklu hraðara Internet? Á síminn.is sérðu hvort Ljósnetið er komið til þín.

Leið 1	Leið 2	Leið 3	Leið 4
12MB • 10GB	12MB • 40GB	12MB • 80GB	16MB • 140GB
Mánaðarverð 4.490 kr.	Mánaðarverð 5.490 kr.	Mánaðarverð 6.490 kr.	Mánaðarverð 7.690 kr.

Síminn

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

SPORT besta sætið

Í KVÖLD KL. 18:30 Á STÖÐ 2 SPORT

REAL MADRID – AJAX

Kolbeinn Sigþórsson mætir Ronaldo og félagum í Real Madrid á Santiago Bernabeu



„Veitingastaðurinn Thai Style hefur verið stundaður síðastliðin sex ár. Ég og Hanni Bach [Jóhannes Bachmann, trommuleikari] fórum þangað reglulega.“

Atli Rúnar Hermannsson eða Atli plötusúður.

Sumarið í Reykjavík kemur út á bók

„Þetta var alveg ógeðslega gaman. Æðislegt,“ segir Rán Flygenring, hirðteiknari Reykjavíkurborgar síðasta sumar.

Rán vakti talsverða athygli í miðborg Reykjavíkur í sumar, þar sem hún teiknaði það sem fyrir augu bar og birti á bloggi sínu. Rán hélt á dögnum sýningu á myndunum og þann sjötta október kemur út bók með völdum myndum. Rán starfaði á vegum Hins hússins og Félag íslenskra teiknara gefur bókina út.

„Þetta voru svona 180 myndir – teikningar og skissur. Þær fóru eiginlega allar á sýninguna. En í bókina valdi ég bestu myndirnar og skrifa aðeins um þær,“ segir Rán.

Rán bendir á að það sé ennþá hægt að

skoða myndirnar á blogginu: hirðteiknari.tumblr.com og að þess vegna hafi hana langað til að skrifa texta við myndirnar í bókinni og segja söguna á bak við hverja mynd.

Myndirnar eru af öllu mögulegu, frá konu að renna á bananahýði til feðga að gefa öndunum brauð. Þær eiga þó flestar sameiginlegt að söguviðið er miðborg Reykjavíkur. Rán segir fólk hafa tekið því misjafnlega þegar það tók eftir að hún var að teikna það.

„Sumu fólki fannst mjög skemmtilegt að finna og sjá að ég var að teikna það en sumir settu á sig varalit og fóru að laga sig til. Eins og ég væri að taka af þeim ljósmynd,“ segir Rán í léttum dúr.

TEIKNADI SUMARIÐ
Rán Flygenring teiknaði sumarið í miðborg Reykjavíkur. Bók með myndunum er nú væntanleg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Sinnti veikum manni í flugvél

Elmar Johnson, fyrirsæta hjá Eskimo og læknanemi, er nýkominn heim frá New York þar sem hann tók þátt í tískuvíkunni. Í fluginu til Íslands nýttist námið honum vel því hann kom bráðveikum manni til aðstoðar.

Elmar er á fimmta ári í læknisfræði við Háskóla Íslands og kom námið sér að góðum notum þegar hann flaug heim frá New York um miðjan mánuðinn. Þá veiktist farþegi um borð í vélinni og í fréttum af atvikinu er greint frá því að lækni hafi verið um borð í vélinni sem sinnti sjúklingnum allt til lendar.

Elmar er á fimmta ári í læknisfræði við Háskóla Íslands og kom námið sér að góðum notum þegar hann flaug heim frá New York um miðjan mánuðinn. Þá veiktist farþegi um borð í vélinni og í fréttum af atvikinu er greint frá því að lækni hafi verið um borð í vélinni sem sinnti sjúklingnum allt til lendar.



EFNILEGUR Elmar Johnson, fyrirsæta og læknanemi, sló í gegn á tískuvíkunni í New York. Hann kom einnig bráðveikum manni til aðstoðar í flugi sínu heim til Íslands.

maðurinn var fluttur á sjúkrahús.

Á tískuvíkunni í New York sýndi Elmar meðal annars á sýningum Stevens Alan, Andrews Buckler, Antonio Azzuolo, Simons Spurr og Rads Hourani og segir reynsluna hafa verið skemmtilega en að dagarnir hafi verið langir og strembarir. „Þetta var ekki stressandi en maður þurfti að hlaupa á milli staða og það kom fyrir að maður þurfti að vera á tveimur stöðum á sama tíma. Það að ganga sýningarpallana var líka skrítn reynsla, okkur var hent fram á sviðið og auðvitað varð maður svolítið

stressaður en þetta var samt reynsla sem ég mundi ekki hafa viljað sleppa.“

Þegar Elmar er inntur eftir því hvort erfitt sé að setjast aftur á skólabeck eftir New York-dvölinna játar hann því. „Þetta eru miklar andstæður og það tók mig nokkra daga að koma mér aftur í gömlu rútínuna mína. En mér finnst ég heppinn að geta upplifað báða heima.“

- sm



STUNDAR SJÓMENNSKU Eva Bjarnadóttir tók sér frí frá myndlistarnámi og fékk pláss á norskum frystitogara.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

EVA BJARNADÓTTIR: SJÓRINN HEILLAR MIG MJÖG MIKIÐ

Hætti myndlistarnámi og réði sig á norskan togara

„Sjórinn heillar mig mjög mikið. Mér finnst hann mjög aðlaðandi náttúruafl og kraftmikið,“ segir Eva Bjarnadóttir. Hún ákvað að gera hlé á námi sínu í Myndlistarskóla Reykjavíkur og skella sér á norskan frystitogara.

Eva hafði lokið einu ári í textílnámi í skólanum þegar hún ákvað að vanda kvæði sínu í kross og ráða sig á togarann, sem heitir Langvin. „Ég fór á sjó sumarið 2006 og var á frystitogara í Vestmannaeyjum. Síðan þá hugsaði ég um að þetta væri eitthvað sem ég yrði að gera einhvern tímann aftur,“ segir Eva og heldur áfram: „Ef ég ætla að starfa sem listamaður á ég aldrei eftir að afla mér mikilla tekna. Þannig að kannski var líka hugsunin á bak við þetta að ef ég vinn fyrir mér sem sjó-

maður get ég samt haft frelsi til að gera það sem mig langar til vegna þess að ég fæ gott frí inn á milli.“

Eva, sem er 27 ára, ákvað að hætta í textílnáminu og hafði fengið inngöngu í fornám Myndlistarskólans, sem er undirbúningsár fyrir almennt listnám, þegar hún fékk pláss á togaranum. Hún ætlaði að hefja námið núna í haust en hefur nú frestað því til næsta hausts vegna sjómennskunnar. Hún segir ekki óalgengt að konur starfi á frystitogurum í Noregi. Til að mynda eru fjögur frátekin pláss fyrir konur á hennar togara og þar að auki starfar ein kona uppi á dekki. Sjálf er hún í fiskvinnslu og er ekki „brúta“ sjómaður eins og hún orðar það. „Það væri miklu meira spennandi að fá að vera úti undir beru lofti og

gera eitthvað skemmtilegt. En það er hægara sagt en gert að komast upp á dekk því þar eru bara strákar.“ Hún segist gjarnan vilja komast á sjó á Íslandi og starfa úti á dekki og skilur eftir netfangið sitt evabjarna@hotmail.com ef einhver vill hafa samband.

Eva segist fá ótrúlega mikinn innblástur af því að vera úti á sjó og vonast til að þessi reynsla eigi eftir að nýtast henni í myndlistinni. „Það að vera í þessu umhverfi er mjög sérstakt. Bæði er náttúran svo ofsalega sterkt afl og svo er líka sérstakt að vera hluti af svona litlu samfélagi í svona langan tíma. Það myndast alltaf ákveðin stemning og mér líður eins og ég sé í hálfgerðri draumaveröld sem er ekki alveg raunveruleg.“

freyr@frettabladid.is

Jóhanna Guðrún horfir til Noregs

„Við viljum bara sjá hvernig gengur, það er fullt af tækifærum þarna. Svo býr umboðsmaðurinn minn þarna,“ segir Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, ein vinsælasta söngkona landsins.

Jóhanna, líkt og svo margir Íslendingar hafa gert eftir bankahrunið, horfir nú til Noregs og hefur sett það á stefnuskrána hjá sér og kærastanum, Davíð Sigurgeirssyni, að flytja þangað í byrjun næsta árs.

Höfuðborgin Ósló verður að öllum líkindum fyrir valinu, þaðan er stutt yfir til Svíþjóðar en Jóhanna hefur notið talsverðra vinsælda hjá Svíum eftir glæsilegan árangur í Eurovision-

keppinni fyrir þremur árum.

„Við erum búin að ákveða að gera þetta þannig að nú hefist skipulagningin og svo sjáum við bara til hvernig þetta gengur. En við ætlum að vera farin í janúar,“ segir Jóhanna en Íslendingar þurfa engu að kvíða því þau skötu hjú ætla alltaf að vera með annan fótinn hér á landi enda nóg fram undan hjá þeim báðum í tónlistarlífínu hér á landi.

Jóhanna Guðrún syngur meðal annars á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöllinni í byrjun desember en hún var með tónleika tileinkaða Evu Cassidy um síðustu helgi.

- fgg



NOREGUR NÆST Jóhanna Guðrún og Davíð Sigurgeirsson horfa til Noregs eins og svo margir Íslendingar hafa gert eftir bankahrunið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HÁRIÐ

Síðustu sýningar á vinsælasta söngleik Íslandssögunnar!

TÓNLISTAR- OG
FRÁSTEFNUHJÚÐIÐ
REYKJAVÍK

„Algjör snilld“

★★★★★

Júlíus Júlíusson, Mbl.

Miðasala á harid.is

Silfurtunglið þakkar frábærar viðtökur

Tryggðu þér miða á lokasýningarnar!

fim. 29. sept. kl. 19

fös. 30. sept. kl. 19

Ath. engar sýningar eftir 30. sept.

AUKASÝNING

LOKASÝNING

EIRÍKUR HAUSSON • EIVÖR • ERNA HRONN • FRÍÐRIK ÓMAR • GARDAR THÓR CORTES • GISSUR PÁLL • GUÐRÚN ÁRNY • GUÐRÚN GUNNARS • HEIDA ÓLAFS • HERA BJÖRK • JÓHANN FRÍÐGEIR • MARGRÉT EIR • RAGNAR BJARNASON • RAGNHEIÐUR GRONDAL • REGÍNA ÓSK • STEFÁN HILMARSSON • VALA GUÐNA • VÉDÍS HERVÖR

STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA • KARLAKÓRINN FÓSTRÆÐUR • VOX FEMINAE • STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR • ÍSLENSKI GÖSPELKÓRINN • BARNAKÓR FROSTRÓSA
TÓNLISTARSTJÓRI: KARL O. OLGEIRSSON • STJÓRNANDI: ÁRNI HARDARSON

*Vinsælasti tónlistarviðburður á Íslandi
kynnir einstaka tónleikaveisluna í desember*

10 ÁRA FROSTRÓSIR



*Allir helstu söngvarar Frostrósa frá upphafi flytja öll vinsælustu lögin á
óviðjafnanlegum tónleikum í nýrri og glæsilegri umgjörð í Hörpu 3.-5. desember!*

FROSTRÓSIR
KLASSÍK



*Sissel ásamt fremstu
einsöngvurum þjóðarinnar,
stórhljómsveit og kórum flytja
helgustu perlur jólanna á
einstökum hátíðartónleikum.*



*Stórsöngvarar Norðurlands
sameinast Frostrósum
á glæsilegum
afmælistónleikum á Akureyri*



*Frostrósir sækja heim
alla landshluta í tilefni
af 10 ára afmælinu*

29.11	Ólafsvík	13.12	Egilsstaðir
30.11	Akranes	14.12	Eskifjörður
2.12	Reykjanesb.	15.12	Vopnafj.
6.12	Selfoss	16.12	Ydalir
7.12	Vestm.eyjar	18.12	Varmahlíð
8.12	Höfn	20.12	Ísafjörður
		21.12	Tálknafj.

MÍÐASALA HEFST
3. OKT. Á MID.IIS & HARPA.IS

*Sérstök forsala fyrir þá sem skráðir eru á
póstlistann á frostrosir.is og vini Frostrósa á
Facebook verður föstudaginn 30. september.*



Kringlan



Nánar á frostrosir.is



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bítið beint frá býli

Trúbadorsenið **Mugison** hefur lokið við gerð nýrrar plötu sem ber hið alislenska heiti Haglé. Staf-ræna útgáfu má kaupa fyrir klink á vefsíðu Mugisons og hefðbundinn geisladisk á tvö þúsund kall. Þessa rafrænu og milliliðalaus útgáfu kallar hann réttilega beint frá býli. Mugison ætlar að heimsækja hvern landsfjórðung og kynna plötuna. Uppselt er á útgáfutónleika hans í Frikirkjunni í Reykjavík á laugardag.



Mugison virðist samt ekki ætla að skilja aðá-endur sína eftir úti við læstar kirkjudygnar og útilokar ekki að halda aukatónleika.

Mikil gleði í Kjós

Andri Sveinsson, viðskiptafélagi **Björgólfs Thors Björgólfssonar**, fagnaði fertugsafmæli sínu um síðustu helgi. Veislan var haldin í félagsheimilinu Dreng í Kjós og dreyptu gestir á Bollinger-kampavíni og snæddu góðar veitingar. Hljómsveitin Dr. Spock tróð upp og Svítabandið hélt uppi stuðinu fram eftir. Um miðnætti var gestum svo boðið upp á borgara frá Hamborgarabúllunni. Björgólfur Thor skemmti sér svo um nóttina á Kaffibarnum þar sem hann ræddi meðal annars við barnastjórnuna Sveppa.



- jab, hdm

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Nóg komið af öskrum
- 2 Grunaðir dýrbitar teknir
- 3 Atvinnulaus einstæð móðir fær ekki undanþágu hjá LÍN
- 4 Gat flutt sex tonn af kókaíni
- 5 Fjölmargir foreldrar þurfa að reiða sig á Fjölskylduhjálpana

Fólkið í landinu les Fréttablaðið



Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, apr.-jún 2011

Gerð gæða- og verðsamanburð




NÝ SENDING AF HÚSGÖGNUM

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

IQ-CARE


Ein besta heilsudýna í heimi



Prýstijöfnun er lykilorðið Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak Betri öndun Til í öllum algengustu rúmstærðum

NÝ DÝNA FREYJA, SAGA OG ÞÓR

Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



Verðdæmi: FREYJA / SAGA Queen rúm **129.900** ÞÓR Queen rúm **149.900**




BOARD S-CAPE WALLHUGGER

dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.

Board hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði. S-Cape er einnig með þráðlausu fjarstýringu og nuddi.

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.

Mikið úrval af svefnsófum



Tilboð í september

35% afsláttur

af stóra hægindasófasettinu fæst í dökku og ljósu leðri



2 og 3 sæta verð áður 339.800 nú **259.870**

2755



Baldursnesi 6

AKUREYRI



www.svefn.is



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

Umboðsaðilar:
Reynisstaður - Vestmannaeyjum

Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði

Lúxus húsgögn - Egilsstöðum